



**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka

**OPÍÐ**  
**24**  
**TÍMA**

**Iceland**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
21. júní 2014  
144. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA**  
**DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

\*Samkvæmt prentmálakortinu Capacent (súlujanar - mars 2014)



**Lilja Sigurðardóttir**  
leikritaskáld skilur  
ekkert í fólki sem  
vill verða aftur ungt.  
Hún kveðst hafa verið  
dapur unglingur en  
áttað sig snemma á  
því að hún væri upp  
á kvenhöndina. Hún  
vann sína fyrstu  
Grímu í vikunni fyrir  
fyrsta leikrit sitt,  
Stóru börnin. ►24

## FIMMTÁN ÁRA ALDURSMUNUR MÁTULEGUR



**PURFTI AÐ TAKA SIG Í GEGN**  
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri  
ræðir uppvöxtinn, flókið  
fjölskyldulíf og hvernig hann  
lærði af fyrirrennara sínum.  
►26



**EFNILEGT**  
**NÝSTIRNI**  
**Í HOLLYWOOD**  
►58



**LYFJA**  
- Lífið heil

**Opið alla daga frá kl. 8-24 í Lyfju Lág múla og Smáratorgi**

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

A green cross logo with the word LYFJA next to it.



## ÖLÖGMÆT GJALDTAKA VIÐ KERIÐ 4

Að mati Umhverfisstofnunar má hún ein ákveða innheimtu aðgangseyris á landsvæðum sem eru á náttúruminjasrá.

## GAGNRÝNA HVÍTBÓK RÁÐHERRA 6

Kennarasamband Íslands segir styttingu náms ekki réttu leiðina til að hækka hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma.

## NASA MÆLIR KOLTVÍSÝRINGINN 10

Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) skýtur um mánaðamótin á loftgervitungli sem mælir koltvísýring í andrúmsloftinu.



## EKKERT LÁT Á STYRK-UMSÓKNUM 12

Enn bólar ekki á hefðbundinni sumarfækkun umsókna til Hjalparstarfs kirkjunnar um styrki vegna lyfjakaupa og tómtunda.

## SKOÐUN 16→18

## FRJÁLS LANDBÚNAÐUR 16

Porsteinn Pálsson um landbúnað og samkeppnisrétt.

## FRAMTÍÐARSÝN OG PÓLÍTÍSK ÁBYRGÐ 18

Guðfræðingar um loftslagsbreytingar.

## HVAR SKAL BÚIÐ; TJALD EÐA GEYMSLA 18

Bragi Guðlaugsson um húsnæðismarkaðinn.



## HELGIN 22→36

## HVAÐ ÆTLAR PÚ AÐ GERA UM HELGINA? 22

Fótboltamót, tónlistarhátíð og lautarferðir á dagskránni.

## GÖNGUFERÐIR OG GALLERÍ 30

Hvað er gaman að skoða á Vesturlandi?

## LESTRARHESTUR VIKUNNAR 32

Freyja Dís, níu ára, datt í lukkuspottinn.



## LÍFIÐ 48→58

## GLOSS OG MASKARI 48

Kíkt í snyrtibúddu dansarans Julianne Hough.

## GULL Á DREGLINUM 48

Gylltir kjólar á rauða dreglinum í Kaliforníu.

## HM Í AÐALHLUTVERKI 48

Farið yfir skemmtilegustu tíst vikunnar.

## GRÆNN OG VÆNN 50

Uppskrift að hollum og bragðgóðum þeytingi.



## MENNING 44→46

## KÍKT Á PERLUFESTINA 44

Í nýjum höggmyndagarði sem vígður var í Hljóm-skálagarðinum í vikunni er að finna verk eftir sex upphafskonur höggmyndalistarinnar á Íslandi.

## AÐFÖNG SÍÐUSTU ÁRA 44

Valin verk úr safneigninni eru á sumarsýningu Hafnarborgar sem opnuð er í dag.

## UPPFINNINGASAMIR UNGLINGAR 46

Ragnheiður Gestsdóttir, myndlistar- og kvikmyndagerðarkona, kennir skapandi heimildar-myndagerð fyrir ungt fólk í Myndlistaskólanum í Reykjavík.



## SPORT 52

## GAF DRAUMINN EKKI UPP Á BÁTINN 52

Jonathan Glenn fékk tækifæri hjá ÍBV eftir að hafa staðið sig á úrtaksæfingum í Bandaríkjunum. Hann hefur nýtt tækifærið vel.

## EKKERT FREKAR HÆGT AÐ AÐHAFAST 52

Framkvæmdastjóri KSÍ segir sambandið úrræðalaust gagnvart félögum sem ekki vilja veita aðstoð við rannsókn á veðmálabraski.



## FIMM Í FRÉTTUM BORGARSTJÓRN OG GRÍMUVERÐLAUN



**Dagur B. Eggertsson** var kjörinn borgarstjóri Reykjavíkur á fyrsta fundi nýrrar borgarstjórnar í Ráðhúsinu. Meirihlutinn bauð Sjálfstæðisflokknum aukaseti í nefndum og ráðum en Framsókn fékk ekki sama boð.



leitinni.

**Ásta Stefánsdóttir**, konan sem leitað hefur verið að í Fljótshlíð frá því í síðustu viku, er ófundin. Fjölskylda og vinir Ástu leita hennar enn en fagaðilar hafa dregið úr



bakinu sé góðkynja.



og þingið þegar kemur að því að skipa konur og karla til jafns í ráð og nefndir.

**Kári Kristján Kristjánsson** handboltamaður hefur lagt deilu sína við uppeldisfélagið ÍBV til hliðar og mun ekki spila með félaginu á næsta tímabili. Kári er nýbúinn að fá þær fregnir að æxli sem hann er með í

**Sóley Tómasdóttir** forseti borgarstjórnar sagði í tilefni 99 ára afmælis kosningaréttar kvenna á fimmtudag að Reykjavíkurborg hefði gengið



## Vinnur að þróun lyfs gegn sykursýki eitt

Hákon Hákonarson, læknir og vísindamaður við háskólasjúkrahús í Philadelphíu, segir stökkbreytingu í ákveðnu geni mannslíkamans vera einn af orsakavöldum insúlínháðrar sykursýki. Rannsóknarteymi Hákonar fann genið fyrir átta árum.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Næstu skref verða fólgin í að þróa lyf sem mun hemja afleiðingar stökkbreytingarinnar í geninu sem gerir það að verkum að líkaminn framleiðir ekki insúlín og sykursýki eitt þróast,“ segir Hákon Hákonarson, læknir og vísindamaður við háskólasjúkrahús Philadelphíu fyrir börn.

Fyrr í vikunni kynntu Hákon og samstarfsskona hans, Doris A. Stoffers prófessor við Háskólann í Pennsylvaníu, niðurstöður rannsóknar sem sýna að stökkbreyting í ákveðnu geni mannslíkamans hefur áhrif á framleiðslu og losun hans á insúlíni. Stökkbreytingin er því einn af orsakabáttum insúlínháðrar sykursýki (sykursýki eitt).

Hákon og samstarfsmenn hans fundu genið, CLEC16A, árið 2006 með viðamikilli rannsókn þar sem notast var við nýja skimunar-aðferð sem gerði þeim kleift að skoða allt erfðamengi mannsins í einni rannsókn.

„Þetta var algjörlega óþekkt gen á þeim tíma. Það vakti áhuga því eggjahvítuefni sem það myndar stýrir orkubúskap brisfrumna í gegnum samspil við annað eggjahvítuefni sem heitir parkin. Það efni örvar drápsfrumur (e. natural killer cells) sem eyða brisfrumum líkamans þegar sykursýki þróast,“ segir Hákon.

Hann fékk í kjölfarið rannsóknarstyrk til að framkvæma tilraunir þar sem músum var gefið ákveðið krabbameinslyf sem gerir genið óvirkt. Stöðvaðist þá insúlínframleiðsla dýranna og þau fengu sykursýki.



**VIÐ RANNSÓKNIR** Hákon hefur starfað við háskólasjúkrahúsið í Philadelphíu frá árinu 2006. Hann vann áður hjá Íslenskri erfðagreiningu.



„Nú þurfum við einungis að þróa meðferð til að hemja þetta gen og eggjahvítupróteinið sem það framleiðir. Ef við getum það þá getum við komið í veg fyrir að insúlínframleiðsla líkamans truflist.“

Hákon Hákonarson, læknir og vísindamaður.

„Nú þurfum við einungis að þróa meðferð til að hemja þetta gen og eggjahvítupróteinið sem það framleiðir. Ef við getum það þá getum við komið í veg fyrir að insúlínframleiðsla líkamans truflist. Það er næsta skref hjá okkur.“

Lyfið sem Hákon vill þróa gæti þó ekki gagnast þeim sem þegar eru með insúlínháða sykursýki

því í þeim tilvikum er búið að eyða öllum brisfrumum líkamans.

„Það myndi aftur á móti vonandi geta gagnast þeim sem hafa þetta stökkbreytta gen í fyrirbyggjandi skyni. Stökkbreytinguna má finna með einföldu genaprófi þar sem niðurstöðurnar fást samdægurs,“ segir Hákon.

haraldur@frettabladid.is

Landssamtök lífeyrissjóða vilja að lífeyrissjóðir fái að fjárfesta erlendis:

## Segir eðlilegt að jafnræðis sé gætt

**VIÐSKIPTI** „Við erum þeirrar skoðunar að meðan höftin séu þá þurfi sömu reglur að gilda um alla,“ segir Gunnar Baldvinsson, stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða.

Ummælin komu í kjölfarið á ákvörðun Seðlabanka Íslands um að banna Íslendingum að greiða inn á séreignarsparnað hjá erlendum tryggingafyrirtækjum.



Íslenskir lífeyrissjóðir hafa ekki heimild til að flytja fé úr landi og Gunnar segir lífeyrissjóðina hafa kvartað yfir þessari mismunun. Hann bætir við að „helst viljum við auðvitað fá heimildir til þess að fjárfesta ytra.“



Gunnar er ekki einn um þessa



**GUNNAR BALDVINSSON**

skoðun. Fréttablaðið fjallaði í maí um tillögur Ásgeirs Jónssonar, lektors í hagfræði við Háskóla Íslands, um að lífeyrissjóðir fengju að fjárfesta hluta af viðskiptaafgangi Íslands erlendis. Ásgeir taldi hættu á eignabólu og minni lífeyrisgreiðslum til komandi kynslóða verði það ekki gert.

Gunnar vonast í kjölfarið til að áætlun um afnám hafta verði flýtt: „Vonandi verður þessi aðgerð og umræða um hana til að ýta undir að raunhæfar tillögur að afnámi hafta komi fram.“

Aðspurður segist Gunnar ekki gera ráð fyrir því að bannið hafi þensluhvetjandi áhrif á Íslandi, upphæðirnar sé ekki það háar.

-ih/pp

25%  
afsláttur  
af öllum styrkleikum  
og pakkningastærðum

NÝTT



Apótekarinn<sup>+</sup>  
lyf á lægra verði



# TAX FREE\*

## AF GRILLUM OG GARÐPLÖNTUM

FRÁBÆRT  
URVAL

ÖLL  
SUMARBLÓM  
ALLAR  
TRJÁPÖNTUR

ALLAR  
MATJURTAPLÖNTUR  
ALLAR  
FJÖLÆRAR PLÖNTUR  
ALLAR  
GARÐRÓSIR

GASGRILL  
KOLAGRILL  
FERÐAGRILL

Broil King  
Great Barbecues Every Time

BUGG  
Beef Eater Universal Gas Grill

Beef Eater

OUTBACK

CADAC

Gildir ekki af Weber grillum.

\*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

\*Tax Free tilboð gildir ekki af tilboðsvörum, vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og Weber grillum.

blómaval



HÚSASMIÐJAN  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956







**DIDRIKSONS 1913**  
Grundsund SWEDEN

# DIDRIKSONS VERNDAR ÞIG Í ÍSLENSKU VEÐRI



**DIDRIKSONS  
OLIVIA KÁPA**  
Stærðir 34-46

**23.990 KR.**



**DIDRIKSONS  
CARL JAKKI**  
Stærðir S-XL

**34.990 KR.**



**DIDRIKSONS  
SKUTEVIK REGNJAKKI**  
Stærðir 34-46

**17.990 KR.**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)



**Ellingsen**

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Endurnýjun á Landspítala:

## Ný rúm fyrir 240 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Til að ljúka endurnýjun sjúkrarúma á Landspítala þarf að skipta út 509 slíkum. Áætlaður kostnaður er rúmar 240 milljónir króna.

Síðla vetrar var lokið við endurnýjun 101 sjúkrarúms. Þau kostuðu 55 milljónir króna og voru gjöf Minningargjafasjóðs Landspítala. Þar af eru tvö gjör-gæslurúm og tvö fyrir of þunga.

Áhersla er á að skipta út fótstignum rúmunum. Þau nýju eru rafknúin og tæknilegri.

-fb

Verðhækkun frá febrúar til apríl er sú mesta á stuttu tímabili í fjögur ár:

## Sjávarafurðaverð rýkur upp

**SJÁVARÚTVEGUR** Frá febrúar til apríl hækkaði verð á sjávarafurðum í erlendri mynt um 5 prósent og hefur ekki hækkað meira á svo stuttu tímabili í fjögur ár.

Í Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans kemur fram að verð á uppsjávarfiski hefur hækkað um 13 prósent á tímabilinu og hefur aldrei verið hærra. Verð á mjöli og lýsi hefur sömuleiðis hækkað hratt á síðustu mánuðum eða um tæp 12 prósent.

Kolbeinn Árnason, framkvæmda-

stjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir tíðindin ánægjuleg og að verðhækkun hjálpi útgerðum í uppsjávarfiski eftir loðnubrest á síðasta fiskveiðiári.

Nýliðin loðnuvertíð var næst-lélegasta vertíðin á þessari öld þegar aðeins um 110 þúsund tonn komu að landi. Meiri bjartsýni ríkir fyrir komandi loðnuvertíð en Hafrannsóknastofnun vonast til að geta gefið út kvóta upp á rúm 450 þúsund tonn.

-jjk



**LOÐNA** Meiri bjartsýni ríkir fyrir komandi loðnuvertíð en nýliðin vertíð var afar léleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Einhliða ákvörðun forseta:

## Vopnahléi lýst yfir í Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP** Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, lýsti einhliða yfir vopnahléi í Austur-Úkraínu í gær.

Herir stjórnsvalda hafa barist við uppreisnarmenn síðastliðnar vikur. Yfir 350 hafa fallið í átökunum.

Vopnahléið mun standa í viku. Talið er ólíklegt að uppreisnarmenn leggi niður vopn fyrr en herir stjórnsvalda yfirgefa austurhluta Úkraínu.

-ih

## Ný tækni við göngu-greiningu

*Flexor notast við nýja tækni við göngugreiningu. Göngu- og hlaupa-brettið okkar býr yfir innbyggðum þrýstinum sem skilar nákvæmum upplýsingum um göngulag.*

*Fáðu góð ráð, faglega göngugreiningu og lausnir við stoðkerfisvandamálum hjá Flexor.*

Pantaðu tíma í síma  
**517 3900**

**FLEXOR**  
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900



**Í SKÓLASTOFUNNI** Í Hvítbók er eitt meginmarkmiðið að hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma hækki úr 44 prósentum í 60 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gagnrýna styttingu náms og sparnað

Kennarasamband Íslands segir styttingu náms ekki réttu leiðina til að hækka hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma. Varaformaður segir sparnaðaranda svífa yfir vötnum í umbótatillögum menntamálaráðherra.

**MENNTAMÁL** Kennarasamband Íslands (KÍ) gagnrýnir þær leiðir sem á að fara til að ná markmiðum sem sett eru fram í Hvítbók Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra, um umbætur í menntamálum, og segir sparnaðaranda svífa yfir vötnum.

Tvö meginmarkmið eru sett fyrir árið 2018. Annars vegar um aukna lestrarhæfni nemenda. Hins vegar að hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma hækki úr 44 prósentum í 60 prósent. Markmiðunum á að ná með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar. KÍ gagnrýnir þessa leið og telur ekki að stytting námstíma sé svarið við vandanum.

„Í Hvítbók er mikið gert úr að visa til rannsókna í menntamálum en þegar það kemur að styttingu námstíma hafa engar rannsóknir verið gerðar á því og ekkert sem styður þá fullyrðingu að það sé góð

leið,“ segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ.

Aðalheiður bendir á að stuðningur við nemendur, fjölbreyttara námsframboð, aukin starfs- og námsráðgjöf og minni námshópar séu vænlegri leiðir til árangurs. Einnig að skima fyrir brotthvarfseinkennum mjög snemma á skólagöngu nemenda og vinna kerfisbundið með forvarnir frá grunnskólastigi yfir í framhaldsskóla.

Allt er þetta hluti af menntastefnu sem samþykkt var árið 2008 en hefur, samkvæmt KÍ, að stórum hluta legið niðri vegna efnahagskreppunnar.

„Það er ekkert komið inn á fjármuni í Hvítbók. Ef meiningin er að koma menntalögunum í framkvæmd, sem KÍ fagnar, kostar það fjármuni. Mér finnst skrítið að þær kröppu aðstæður sem skólarnir búa við séu ekki settar í samhengi og því finnst mér vanta ákveðna veruleikatengingu í Hvítbókina,“ segir Aðalheiður og

„Mér finnst skrítið að þær kröppu aðstæður sem skólarnir búa við séu ekki settar í

samhengi og því finnst mér vanta ákveðna veruleikatengingu í Hvítbókina.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ.

bætir við að sparnaðarandi svífi yfir vötnum þótt það komi ekki beinlínis fram.

„Illugi hefur sagt að hægt sé að spara með því að stytta námið. Þetta finnst okkur ekki boða gott fyrir menntun nemenda og gæði námsins. Nögu er búið að ganga harkalega að menntakerfinu enda hefur verið sparað þar frá því fyrir efnahagshrun.“

erla@frettabladid.is



**BLEIKSÁRGLJÚFUR** Rennsli er svo mikið í gljúfrinu að ekki er víst að hægt verður að stífla það fyrir leitina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Strekkibönd – verulegt úrval!

63404  
2 bögglateygjur  
720 cm með stálkrókum

**540**



63100 m. krókum  
4,5 tonn  
5x670 cm

**3.290**

63102 4 bönd  
með krókum  
2,5x360 cm

**2.490**



63114  
**3.150**



64407  
**1.090**



64403 4 bönd  
með krókum  
2,5x190 cm

**3.290**



64105  
Farangursband  
2,5x360 cm

**520**

64515  
**440**

63303 2 Tóg 450 cm  
- þölir 2,3 tonn

**1.750**



Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ



**MURBUDIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Ítarlegri leit að Ástu Stefánsdóttur er í undirbúningi hjá lögreglunni:

## Leit hefur engan árangur borið

**BJÖRGUNARSTARF** Leit björgunar-sveitarmanna að Ástu Stefánsdóttur bar engan árangur í fyrradag. Í gær var hefðbundið eftirlit á svæðinu við Bleiksárgljúfur en um helgina er vonast til að ýtarlegri leit að Ástu geti hafist þar sem vatnsflæðinu í gljúfrinu verður breytt með stíflum og dælum.

„Ég veit ekki hvort það hefst en við erum að vinna í því að víða að okkur víðeigandi tækjum og tólum,“ segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á

Hvolsvelli, og bætir við að ekki sé víst að hægt verði að stífla rennslið því að það sé svo mikið en það komi í ljós á næstu dögum.

Ekkert hefur spurst til Ástu Stefánsdóttur síðan um hvítasunnuna. Sambýliskona hennar, Pino Becerra Bolanos, fannst látin í Bleiksárgljúfri í síðustu viku. Bræður Bolanos, sem komu til landsins að sækja ösku hennar, héldu úr landi í gær eftir að hafa verið viðstaddir minningarathöfn um Bolanos í húsakynnum Háskóla Íslands.

-ebg



# TAX FREE

# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM HERRAFATNAÐI OG  
SKÓM Á ALLA FJÖLSKYLDUNA  
19.-23. JÚNÍ.



\*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 23. júní.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Kynningarfundur vegna mats á umhverfisáhrifum

## Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar

Opið hús verður í Húnavallaskóla á Húnavöllum, fimmtudaginn 26. júní kl. 18:00–20:00, til að kynna mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar. Kynnt verður frummatsskýrsla um framkvæmdina.

Fyrirkomulag fundarins verður þannig að upplýsingar um framkvæmdina verða á veggspjöldum og sérfræðingar frá Landsvirkjun og Verkís verða á staðnum til að svara fyrirspurnum.

Allir velkomnir.



Landsvirkjun



**EYÐILÖGD BORG** Kona á gangi í hverfinu sínu í Homs í Sýrlandi. Stjórnarherinn náði borginni á sitt vald aftur í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar Homs eru byrjaðir að tínast aftur heim nú þegar umsátrinu er lokið:

## Snúa aftur heim í rústirnar

**SÝRLAND, AP** Íbúar borgarinnar Homs í Sýrlandi eru teknir að snúa aftur heim til sín eftir tveggja ára umsátur stjórnarhersins sem lauk með því að uppreisnarmenn flúðu borgina í síðasta mánuði.

Borgin er að stórum hluta rústir einar eftir bardaga og loftárásir stjórnarhersins, en þessa dagana eru íbúarnir að leita í rústunum að

einhverju nýtilegu. Hvernig þeim gengur að koma undir sig fótunum á ný gæti gefið vísbendingar um það hvort stjórn Bashar al Assads forseta eigi sér viðreisnar von.

Uppreisnin gegn honum hófst í Homs fyrir rúmlega þremur árum. Borgarastyrjöldin, sem enn geisar í landinu, hefur kostað meira en 150 þúsund manns lífið. -gb

150.000

manns hið minnsta eru taldir hafa látið lífið síðan borgarastyrjöld hófst í Sýrlandi fyrir rúmlega þremur árum.

# Sumarsmellur!

20 TIL 30% AFSLÁTTUR  
ÖLL SUMARBLÓM, MATJURTIR, ÁVAXTATRÉ O.F.L.



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



**KYNNING** Pórir Guðmundsson á opnum fundi þar sem hann kynnti áfangaskýrslu um þróunarsamvinnu Íslands og tillögur að úrbótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrsla um þróunarsamvinnu næstum því tilbúin:

## Kostnaður nemur 10,5 milljónum króna

**PRÓUNARSAMVINNA** Gert er ráð fyrir því að heildarkostnaður við skýrslu Þóris Guðmundssonar um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands nemi um 10,5 milljónum króna.

Það er nokkru lægra en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu, sem óskaði eftir skýrslunni. Þórir hefur þegar unnið áfangaskýrslu um verkefnið sem hann kynnti á miðvikudag. Lokaúttektin verður kynnt í næsta mánuði.

Í skýrslunni leggur Þórir meðal annars til að framkvæmd þróunarsamvinnu á Íslandi verði á einum

stað fremur en tveimur og að tekin verði upp nánari samvinna milli utanríkisráðuneytisins, almennavarnadeildar, Rauða krossins og Landsbjargar um neyðaraðstoð.

Við skýrslugerðina, sem hefur tekið um fimm mánuði, hefur Þórir rætt við 170 manns frá ellefu löndum.

Bókfærður kostnaður nemur um 8,6 milljónum króna. Þar af nemur kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu um 7 milljónum og ferðakostnaður og uppihald um 1,6 milljónum. Gert er ráð fyrir að 1,9 milljónir króna muni bætast við vegna kostnaðar við aðkeypta sérfræðipjónustu. -fb



Nýr og spennandi  
áfangastaður í beinu flugi

# Agadir

Stærsti sólstrandaráfangastaður Marokkó

Frá kr. **103.900**  
m/bókunarafslætti

**15.000 kr.**  
bókunarafsláttur á  
öllum gististöðum  
til 1. júlí 2014

Stórglæsilegur valkostur!



Sofitel Thalassa \*\*\*\*\*

Frá kr. 171.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 171.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 207.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Stórglæsilegur valkostur!



Sofitel Royal Bay \*\*\*\*\*

Frá kr. 146.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 146.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 174.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Glæsilegur valkostur!



Royal Atlas \*\*\*\*\*

Frá kr. 124.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Glæsilegur valkostur!



Iberostar Founty Beach \*\*\*\*

Frá kr. 126.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 126.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 166.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Fjölskylduvænn valkostur!



Kenzi Europa \*\*\*\*

Frá kr. 118.400 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 118.400 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 136.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Hagkvæmur valkostur!



Tulip Inn Oasis \*\*\*

Frá kr. 103.900 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 103.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 116.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. október í 8 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimildir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

 **Heimsferðir**





# Heitasti staðurinn í sumar!



Á ferð um Norðurland er upplagt að heimsækja háhitasvæðið við Kröflu og kynnst brautryðjenda-verkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

## Verið velkomin í heimsókn í sumar!

**Krafla:** Jarðvarmasýning er opin 10–17 alla daga.

**Búrfell:** Gagnvirk orkusýning er opin 10–17 alla daga.

**Vindmyllur á Hafinu:** Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí, frá 13 til 17.

**Kárahnjúkastífla:** Leiðsögn um svæðið miðvikudaga og laugardaga, frá 14 til 17.

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)

# Mæla koltvísýring í andrúmslofti jarðar

Geimferðastofnun Bandaríkjanna skýtur á loft gervihnetti sem mælir koltvísýring í andrúmsloftinu. Talið er að hann hafi aukist um 20 prósent á síðustu 50 árum.

**VÍSINDI** Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, ætlar 1. júlí að skjóta á loft gervihnetti sem mælir magn koltvísýrings í andrúmsloftinu.

Hann nefnist Orbiting Carbon Observatory-2, eða OCO-2, og verður þetta önnur tilraun NASA til að skjóta á loft gervihnetti sem mælir koltvísýring. Sú fyrsta var gerð árið 2009 en þá mistókst hnettinum að komast á sporbaug um jörðu.


OCO-2 mun mæla magn koltvísýrings af mikilli nákvæmni og meðal annars eftir árstíðum. Koltvísýringur er ein þeirra gróðurhúsalofttegunda sem koma í veg fyrir að hiti komist í burtu frá jörðinni. Margir vísindamenn telja að mikil losun gróðurhúsalofttegunda verði til þess að hitastig jarðar hækki.

Frá því að iðnvæðingin hófst hefur losun koltvísýrings út í andrúmsloftið aukist mikið og samkvæmt NASA hefur hann ekki verið meiri í að minnsta kosti 800 þúsund ár. Mælitæki á jörðu niðri gefa til kynna að hann hafi aukist um tæp tuttugu prósent á síðustu fimmtíu árum.

Heimshöfin, plöntur og jarðvegur drekka í sig mestan koltvísýring og draga þannig úr magni hans í andrúmsloftinu. Aftur á móti er ekki vitað hversu mikið magnið er eftir svæðum jarðar og ekki heldur hvort magnið sem höfin, plöntur og jarðvegur drekka í sig hafi minnkað eftir því sem meiri koltvísýringur hefur verið dælt út í andrúmsloftið.

Bruni á jarðefnaeldsneyti og aðrar aðgerðir mannfólksins valda því að 40 milljörðum tonna af koltvísýringi er dælt út í andrúmsloftið á hverju ári, sem veldur því að þessi gróðurhúsalofttegund hefur safnast upp á löngum tíma.

[freym@frettabladid.is](mailto:freym@frettabladid.is)



➔ Mælitæki á jörðu niðri gefa til kynna að koltvísýringur hafi aukist um tæpan fimmtung á síðustu fimmtíu árum.

# SUMARÍSLENDINGAR

UPPLIFIÐ SÓL OG SUMARYL MEÐ EKTA RJÓMAÍS  
MEÐ KÓKOS, ÁSTARALDIN, MANGÓ OG SÚKKULAÐIDROPUM



Rjómaís með kókos, ástaraldin, mangó og súkkulaðidropum





60  
ára  
afmælis-  
veisla



Fjölskylduskemmtun Kötlu

**Smáralind**

Í DAG Á MILLI KL. 14:00 - 16:00

KOMDU MEÐ ALLA FJÖLSKYLDUNA

Góí, úr Stundinni okkar, og Bjarni töframadur skemmta.



Taktu mynd og deildu með merkinu

**#Kötlubros**

á Facebook eða Instagram...  
...þú gælir unnid sælkerakörfu!



KOMDU OG SMAKKAÐU ILMANDI AMERÍSKAR PÖNNSUR,  
RJÚKANDI KAFFI OG SÆLKERAKONFEKT.



Finndu okkur á Facebook!  
[facebook.com/katla.is](https://facebook.com/katla.is)



## Óákveðið hvort verður ákært: Lekamálið sent til saksóknara

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ríkissaksóknara bærust í gær rannsóknargögn frá lögreglu er varða leka á minnisblaði um hælisleitandann Tony Omos til fjölmiðla.

Í framhaldinu tekur ríkissaksóknari ákvörðun um hvort frekari rannsóknar sé þörf eða hvort ákæra verði lögð fram. Lögregla hefur sagt grun um að starfsmaður ráðuneytisins hafi lekið opinberum gögnum. Vegna anna segir ríkissaksóknari niðurstöðu ekki að vænta á næstunni. -ih

## Kom ormalaus úr sýnatöku: Hunter veldur breyttu verklagi

**SAMFÉLAGSMÁL** Matvælastofnun hefur fyllt úr yfir verklag við flutninga dýra milli landa með flutningsaðilum á Keflavíkflugvelli. Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að Border Collie-hundurinn Hunter týndist.

Hunter var týndur í fimm daga en er nú kominn til síns heima í Svíþjóð. Áður en hann hélt af landi brott voru tekin sýni úr honum og þau rannsökuð.

Hunter reyndist ormalaus og við góða heilsu miðað við aðstæður. -ih

Sumarfundur í Eyjum:

## Ráðherrar EFTA hittast

**UTANRÍKISMÁL** Sumarfundur ráðherra EFTA-ríkjanna verður haldinn í Vestmannaeyjum 22.-24. júní í boði Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra.

Auk hans sækja fundinn Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, Johann Schneider-Ammann, efnahagsmálaráðherra Sviss, og Monika Mæland, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs. Ræða á þróun fríverslunarnets EFTA-ríkjanna. Samningar eru í gildi við nærri 70 ríki. Einnig munu ráðherrarnir ræða yfirstandandi fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna. -fb

Ekkert lát á umsóknum til Hjálparstarfs kirkjunnar vegna lyfjakaupa og tómstunda í sumar:

# Veita styrk fyrir ferð í bíó og húsdýragarð

**VELFERÐARMÁL** „Reynslan hefur verið sú að umsóknum um aðstoð hefur fækkað á sumrin. Sá dagur er ekki enn kominn á þessu sumri,“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Skýringuna telur hún meðal annars vera þá að nú sé að koma nýtt lyfjaár, eins og hún orðar það.

„Margir leystu út lyfin sín fyrir 4. maí í fyrra þegar nýtt greiðslubátttökukerfi vegna kaupa á lyfjum tók gildi. Þeir eru kannski að byrja upp á nýtt núna í júní. Það

sem af er þessum mánuði hafa jafn margir sótt um og allan apríl.“

Hægt er að sækja um styrk hjá Hjálparstarfi kirkjunnar vegna kaupa á lyfjum vegna sýkingar, óvæntra veikinda og breytinga á lyfjagjöf. „Jafnframt aðstoðum við fólk við að borga fyrstu greiðsluna vegna kaupa á öðrum lyfjum á nýju lyfjaári,“ greinir Vilborg frá.

Sem fyrr hafa margir fengið aðstoð við að greiða fyrir sumarbúðadvöl barna eða aðrar tómstundir að sumarlagi. „Við gerðum

auk þess svoltið öðruvísi í ár. Þar sem við leggjum áherslu á að gefa allri fjölskyldunni tækifæri til að upplifa eitthvað skemmtilegt saman var ákveðið að bjóða fjölskyldum dvöl í sumarhúsi í samstarfi við Hjálpræðisherinn. Nýlega dvaldi 21 fjölskylda sér að kostnaðarlausu í viku á Úlfliótsvatni. Þetta var ótrúlega vel heppnað. Við höfum einnig veitt styrki til að öll fjölskyldan geti farið saman í til dæmis Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, á leiksýningu eða í bíó svo eitthvað sé nefnt.“ -ibs



**VILBORG ODDSDÓTTIR** „Við höfum einnig veitt styrki til að öll fjölskyldan geti farið saman í til dæmis Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## 22 vinnustaðir eru vottaðir: Sorpa fékk jafnlaunavottunina

**JAFNRÉTTI** Sorpa hefur hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að tryggt verði með jafnlaunakerfi að starfsfólki sem vinnur sömu eða jafn verðmæt störf sé ekki mismunað í launum. Jafnlaunavottun VR tekur nú til 22 fyrirtækja og stofnana en fyrstu fyrirtækin fengu vottunina um mitt ár 2013.

„Það bætast við nokkur stór fyrirtæki í haust. Það tekur nefnilega ákveðinn tíma fyrir stór fyrirtæki að undirbúa jafnlaunavottunina,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR. -ebg



**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**

## Samþykkja kjarasamning: Skólastjórar semja til eins árs

**KJARAMÁL** Félagsmenn Skólastjórafélags Íslands samþykktu nýjan kjarasamning í vikunni. 201 af 332 sem greiddu atkvæði samþykkti samninginn eða 61 prósent.

Samningurinn gildir til 31. maí 2015. Skólastjórar fá milli 5,7 og 14,8 prósent launahækkun á samningstímanum auk annaruppbótar. -ih

# Þrýst á al Maliki forsætisráðherra

Andlegur leiðtogi sjía-múslima í Írak gagnrýnir forsætisráðherra landsins og vill að mynduð verði betri stjórn sem tekur hagsmuni annarra en sjía með í reikninginn. Daginn áður hafði Obama Bandaríkjaforseti haft uppi svipaða gagnrýni.

**ÍRAK, AP** Ali al Sistani, andlegur leiðtogi sjía-múslima í Írak, beindi í gær spjótum sínum að Núrí al Maliki forsætisráðherra og krefst þess að ný stjórn verði mynduð, sem tekur tillit til hagsmuna allra þjóðernishópa landsins.

Maliki, sem er sjía-múslimi, hefur sætt gagnrýni fyrir að draga taum sjía-múslima en hunsa hagsmuni bæði súnnía og kúrda. Hann vann sigur í kosningum fyrir nokkrum vikum, enda eru sjía-múslimar í yfirnæfandi meirihluta á meðal landsmanna.

„Nú er nauðsynlegt að sigurvegarar kosninganna hefji viðræður og út úr þeim komi ríkisstjórn sem nær árangri og hefur breiðan stuðning á meðal landsmanna, forðist þau mistök sem gerð hafa verið í fortíðinni og opni nýja sýn til betri framtíðar fyrir alla Íraka,“ sagði al Sistani í yfirlýsingu sem Ahmed al Safi, fulltrúi hans, las upp í hinni helgu borg Karbala í gær.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hafði daginn áður ýjað að sömu gagnrýni á al Maliki og skorað á hann að taka tillit til hagsmuna fleiri þjóðarbrota en sjía-múslima einna.

Sistani hefur mikil áhrif á meðal sjía-múslima og hefur ítrekað verið rödd hófsemdar í allri þeirri ólgu og átökum sem hrjáð hafa landsmenn árum saman.

Rödd hans hefur mikið að segja og gæti ráðið úrslitum varðandi þróun mála á næstunni. Í staðinn fyrir að kynda undir ólgunni og hvetja sjía-múslima í suðausturhluta landsins til að grípa til vopna og hefnda, þá hvetur hann



**ALI AL SISTANI** Tvær konur í Bagdad við veggmynd af Ali al Sistani, æðsta ajatolla sjía-múslima í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

alla Íraka til að standa saman gegn öfgamönnum.

Öfgasamtökin Íslamskt ríki í Írak og Sýrlandi hafa á skömmum tíma náð vestan- og norðvestanverðum hluta Íraks á sitt vald. Óljóst er hvort samtökin hafa teljandi stuðning á meðal súnnímúslima, sem eru í meirihluta á þessum svæðum landsins.

Stjórnarhættir al Malikis virðast hafa átt einhvern þátt í því hve hratt hinir herskáu súnnímúslimar náðu svæðum súnnía á sitt vald.

Stjórnmalabandalag al Malikis, Lagablokkinn, hlaut flest þingsæti í kosningunum 30. apríl. Hann verður þó ekki forsætisráðherra

“Nú er nauðsynlegt að sigurvegarar kosninganna hefji viðræður og út úr þeim komi ríkisstjórn sem nær árangri og hefur breiðan stuðning.

Ali al Sistani, andlegur leiðtogi sjía-múslima í Írak.

Þriðja kjörtímabilið í röð nema hann tryggji sér nægan stuðning á þinginu. Óvíst er að það takist, nú þegar hann er farinn að sæta gagnrýni innan frá úr röðum sjía-múslima. gudsteinn@frettabladid.is

Fasteignaverð hefur hækkað um 9,8 prósent síðastliðið ár og velta aukist:

# Spá hækkun á húsnæðisverði

**HÚSNÆÐISMÁL** Greiningardeild Íslandsbanka spáir áframhaldandi hækkun húsnæðis- og leiguverðs næsta árið.

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 9,6 prósent síðastliðið ár. Þó lækkaði húsnæðisverð um 0,1 prósent í maí.

Hækkunin stafar af launahækkunum, góðu atvinnuástandi, fólksfjölgun, lágu raunvaxtastigi og aukinni eftirspurn ferðamanna eftir leiguíbúðum ef marka má greiningardeildina.

Velta á húsnæðismarkaði hefur aukist um 21,6 prósent á fyrstu mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Þó er veltan talsvert minni en hún var á árunum fyrir hrún.

Greiningardeild Íslandsbanka bendir á að hækkun fasteignaverðs undanfarið umfram verðbólgu og verðþryggð íbúðalán sé umtalsverð búbót fyrir eigendur fasteigna.

Fjárfestingar í húsnæði jukust um 31 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Fulltrúar Íslandsbanka telja þó ekki að bóla sé á fasteignamarkaði heldur séu fjárfestingarnar fremur afleiðing þess að lítið hefur verið byggt frá bankahrúni. -ih



**HÆKKUN Í KORTUNUM** Húsnæðisverð mun fara hækkaði ef marka má greiningardeild Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Harpa í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur

Winton Marsalis

ásamt Jazz at Lincoln Center Orchestra

Eldborg

4. júlí kl. 20:00

Tryggðu þér miða í síma 528 5050, á [midi.is](http://midi.is) og [harpa.is](http://harpa.is)

[www.harpa.is/marsalis](http://www.harpa.is/marsalis)



# Alt gott í útiverkin

## MÚRBÚÐARVERÐ



DEKAPRO útmálning,  
10 lítrar (A stofn)

**7.390**



Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn  
og annað tréverk

**2.790**



1 gallon og  
5 gallon

**AMERÍSKI steypugljáinn sem endist!**



Frábært verð  
á stál- og plast-  
pakrennum.  
Sjá verðlista á  
[www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)



ODEN EDAL OLÍA á palla.  
Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 lítrar

**4.498**



DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar

**6.590**



ODEN þekjandi  
viðarvörn. 1 líter

**1.995**



Dicht-Fix þéttiefni.  
750ml

**1.890**




Rafmagnshita-  
blásari 2Kw

**2.190**

A4 og A2 ryðfríar  
skrúfur. Mikið úrval

GAH þýskir  
byggingarvinklar.  
Mikið úrval



LLA-211  
PRO álstigi/trappa  
2x11 þrep  
3,11-5,34 m

**17.490**

Uppfyllir EN-131 staðalinn



Black&Decker  
háþrýstidæla  
Max bar 110

**14.990**

1400W, 360 min/  
lit/klst  
Pólinn 50°C heitt vatn  
5 metra barki,  
sápuþox



MIKIÐ ÚRVAL AF  
RISAPOTTUM



Jardlegsdúkur 10x1,2 m

**1.490**



Garðkanna 10 L

**795**

Garðkarfa 65L

**1.990**



Garðkarfa 25L

**990**



Strákústur  
30cm breiddur

**795**



Gluggapvotta-  
kústur, gegn um  
rennandi 116>180cm,  
hraðtengi með lokun

**2.690**



**2.190**

**1.690**



**1.690**



**2.190**



110 cm



Prýstiúðabrúsi

**1.690**

1/2" slanga 15 metra  
með stút og tengjum

**1.490**



Áltrappa 4 þrep

**4.990**

Áltrappa 3 þrep 3.990  
Áltrappa 5 þrep 6.390

Alvöru  
græja!



TIA PRO álstigi 2x12  
þrep 3,61-6,1 m

**28.990**



5 lítra bensínbrúsi  
**990**

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!





# AMERÍSKIR DAGAR! ★

NÝJAR  
VÖRUR FRÁ  
**BROYHILL**  
SÓFAR, STÓLAR,  
BORD O.FL.



**Broyhill**

EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

12  
MÁNAÐA  
VAXTALAUS  
HÚSGAGNALÁN



**LARAMIE** sófasett microfíber áklæði. 2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.  
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95 cm.

AÐEINS  
**13.964**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalauslán  
3,5% lántökugj.

**LARAMIE**  
2JA SÆTA SÓFI

**159.990**

FULLT VERÐ: 199.990

AÐEINS  
**14.654**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalauslán  
3,5% lántökugj.

**LARAMIE**  
3JA SÆTA SÓFI

**167.990**

FULLT VERÐ: 209.990

AÐEINS  
**11.894**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalauslán  
3,5% lántökugj.

**LARAMIE**  
STÓLL

**135.990**

FULLT VERÐ: 169.990



**LARAMIE** hornsófi. Brúnt  
microfíber áklæði.  
250x250 D:95 H:95 cm.

AÐEINS  
**29.144**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalauslán  
3,5% lántökugj.

**LARAMIE**  
HORNSÓFI

**335.990**

FULLT VERÐ: 419.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17





AMERÍSKIR DAGAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR AF  
BROYHILL

AÐEINS  
**15.344**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

ATTIC  
BORÐSTOFUBORÐ

**175.990**

FULLT VERÐ: 219.990

ATTIC borðstofuborð úr gegnheilli eik.  
Stærð: 112 x 183 Hæð: 77 cm.

## MIKIÐ ÚRVAL AF BORÐUM FRÁ BROYHILL



ATTIC

← Sófaborð 130 x 80 H: 50 cm.  
Hornborð 58 x 69 H: 63 cm. →  
Gegnheil eik.

**87.990**

FULLT VERÐ: 109.990

**63.990**

FULLT VERÐ: 79.990



MARDELLA

← Hliðarborð 40 x 61 H: 62 cm.  
Hornborð 56 x 61 H: 62 cm →  
Gegnheil eik.

**55.990**

FULLT VERÐ: 69.990

**55.990**

FULLT VERÐ: 69.990



CRESWELL

← Sófaborð 137 x 50 H: 86 cm.  
Hornborð 60 x 66 H: 71 cm. →  
Gegnheil eik.

**79.990**

FULLT VERÐ: 99.990

**63.990**

FULLT VERÐ: 79.990



## NÝTT Í FRÁ AMERÍKU Í HÖLLINNI



MODERN HOME

NÝTT  
**20%**  
KYNNINGAR-  
AFSLÁTTUR



**PORTICO** 3ja sæta sófi B:207 D:83 H:81 cm. **TILBOÐSVERÐ: 151.990**

2ja sæta B:158 D:83 H:81 cm. **TILBOÐSVERÐ: 127.990.** Flauelsáklæði.



**NAPOLI**

Hægindastóll. Svart leður

**TILBOÐSVERÐ: 87.990**



**CAMINO**

Armstóll. Flauelsáklæði

**TILBOÐSVERÐ: 47.990**



**CATHEDRAL**

3ja sæta sófi B:205 D:106 H:91 cm. Flauelsáklæði. **TILBOÐSVERÐ: 207.990**

3ja sæta B:205 D:106 H:91 cm. Ekta leður svart. **TILBOÐSVERÐ: 231.990**



# HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenslu og gilda á meðan á Amerískum dögum stendur og/eða birgðir endast.



Vinda þarf ofan af óheillapróun í ferðapjónustu.

## Partí úr böndum

Það hefur löngum þótt einkennandi fyrir verklag hér á landi að vinna hluti á síðustu stundu. Örfáum klukkustundum fyrir opnun sýninga eða stórvíðburða er oftast en ekki allt á rúí og stúi, iðnaðarmenn á hlaupum og rusl úti um allt. Oftast en ekki bjargast hlutirnir einhvern veginn fyrir horn. Þetta reddast.

Sprengingu í fjölda ferðamanna síðustu ár virðist hins vegar mega líkja við partí þar sem gleymdist að láta húsráðendur vita af gestakomunni. Veislan er byrjuð þegar húsráðendur átta sig og fara að reyna að halda í horfinu og passa að húsið verði ekki rústað.

Óli Kristján Ármannsson

olikk@frettabladid.is



ans, að ekki verði gengið svo á náttúruna að skemmdir hljóttist af og að ferðamenn verði ekki fældir frá landinu aftur með okri og handahófskenndri ákvarðanatöku. Það verður torvelt að finna öllum þessum nýju hótélum hlutverk ef ferðamenn hætta að langa til Íslands.

Nú er nýhafin gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum, þar sem ekki hefur verið innheimtur aðgangseyrir áður. Við Kerið hefur bæst gjaldtaka í landi Reykjahlíðar fyrir norðan, við Leirhnjúk og austan Námaskarðs. Landeigendur hafa stigið þetta skref í andstöðu við samtök ferðapjónustu í landinu og að því er virðist stjórnvöld.

Afstaða þeirra er hins vegar um margt skiljanleg. „Þetta snýst ekkert um frjálsa för fólks heldur flutning á fólki inn á okkar svæði þar sem einhverjir græða á meðan við þurfum að borga alla uppbyggingu. Þetta er löngu komið út fyrir einhvern almannarétt. Jónsbók var ekki hugsuð um það að selja þúsundum ferðamanna ár hvert inn á svæði í einkaeigu,“ sagði Ólafur H. Jónsson, forsvarismaður Landeigendafélags Reykjahlíðar, í viðtali við Fréttablaðið í vikunni.

Sömu lögmál eiga við á Geysi þar sem ríkið kom fyrr á þessu ári, í krafti eignarhlutar á svæðinu, í veg fyrir áframhaldandi gjaldtöku.

Stefnuna vantar hins vegar. Raunar er furðulegt að enn þá skuli vera fundahöld, japl, jaml og fuður um hvernig skuli staðið að uppbyggingu og vernd ferðamannastaða. Að Samtök ferðapjónustunnar skuli í júní 2014 vera með fundarðöð um landið vegna gjalddöðu til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Að lagarammann skorti. Sofandahátturinn er algjör og í takt við stefnu stjórnvalda síðustu áratugi þegar kemur að náttúruvernd.

Haldi áfram vandræðagangur og stefnuleysi hvað varðar umgjörð, viðhald, uppbyggingu og verndun vinsælla ferðamannastaða hér á landi er erfitt að spá fyrir um málalok. Hvort gjalddökuskýli landeigenda hér og hvar um landið verði til þess að skaða orðspor landsins sem náttúruparadísar, eða hvort einhvers konar jafnvægi náist. Hvort fjármunir sem aflað er fari örugglega í þau verkefni sem lýst var yfir að þeir ættu að gera. Einhvern veginn verður þetta. En hvort það reddast, það er óvíst.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**VIKUNA 19.-26. JÚNÍ**

**VERÐFALL**

**VIKUNNAR**



**Electrolux**

**EWP-1274TDW Þvottavél**

Vinsæl heimilisvél frá Electrolux, hlaðin þægindum og nútíma tækni.

✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhraði

✓ 14 þvottakerfi þ.a.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.

✓ 0-19 klst framstillt ræsing.

✓ TimeManager tíma stjórning - þú ákveður þvottatímann.

✓ A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda.

✓ Fullt verð kr. 109.900.

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.**

**74.900**

**SPARAÐU 35.000**

**XL 7 KG**

**A++ EINKUNN**


**1200 SNUNINGA**

**Rafha**

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík

Sími 5880500 [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Frjáls landbúnaður

Samtök atvinnulífsins létu það alit í ljós á dögunum að afnema ætti þá undanþágu frá samkeppnislögum sem afurðasölufyrirtæki í mjólkur- iðnaði njóta. Þetta leiddi til nokkurra ýfinga innan dyra. Afurðasölnarar ríghalda í þessa skipan. Alþingi ákvað þetta frávik frá meginreglum samkeppnisréttarins á sínum tíma. Mikíð vatn hefur runnið til sjávar síðan. Fyllilega var því tímabært að einhver ræki hornin í þessa tímaskekkju.

Með nokkurri einföldun má segja að samkeppnisrétturinn geymi brýnustu siðareglur



fram hjá því verður ekki litið að þetta eðli samkeppnisréttarins gerir ríkari kröfur til rökstuðnings fyrir frávikum en fram hefur komið.

Þegar að öllu er gætt er mjólk alls ekki þeirrar sérstöku nátt-

viðskiptalífsins. Fráleitt væri að halda því fram að siðgæðisvitund þeirra sem halda vilja í undanþáguna sé rýrari en annarra sem stunda viðskipti. En

fram hjá því verður ekki litið að þetta eðli samkeppnisréttarins gerir ríkari kröfur til rökstuðnings fyrir frávikum en fram hefur komið.

Þegar að öllu er gætt er mjólk alls ekki þeirrar sérstöku nátt-

úru að viðskipti með hana þurfi að vera á einhverju öðru plani en almennt gengur og gerist. Ekki kæmi á óvart að margir bændur hefðu í raun metnað til þess að vera ekki á undanþágu frá lögbundnum siðareglum þegar kemur að viðskiptum með afurðir þeirra.

Athyglisvert er að ekkert hefur heyrst um afstöðu stjórnvalda til þessa álitaefnis. En í raun gefur þessi litla áminning Samtaka atvinnulífsins tilefni til að spyrja spurninga um landbúnaðarkerfið í heild. Hver er framtíðarsýn stjórnvalda með þessa rótgrónu atvinnugrein?

## Komið að vegamótum

Enginn atvinnuvegur býr við jafn rammgerð höft og landbúnaðurinn. Bændur njóta framtakssemi sinnar upp að ákveðnu marki. Eigi að síður lýtur vöxtur og viðgangur greinarinnar pólitískri miðstýringu. Það merki- lega er að um landbúnaðarstefnuna hefur verið breið sátt. Ágreiningur um hana hefur ekki komið upp á ríkisstjórnarborðið í áratugi.

Á það er að líta í þessu samhengi að framleiðniaukning hefur orðið í flestum greinum landbúnaðarins. Búskapur er víða til fyrirmyndar. Vöruvöndun hefur

farið fram og vöruframboð batnað. Því má heldur ekki gleyma að landbúnaður er ríkisstyrktur í flestum ríkjum þó að óvída sé það í jafn miklum mæli og hér. Allt kunna þetta að vera skýringar á þeirri kyrrð sem ríkt hefur um landbúnaðarstefnuna.

Þrátt fyrir þetta bendir margt til að komið sé að vegamótum. Að minnsta kosti er engan veginn sjálfgefið að unnt sé að halda áfram á sömu braut. Ekki er einu sinni víst að vilji til að halda í gamalt kerfi dugi til að halda í horfinu. Aðstæður eru að breytast

## Augljós viðvörunarmerki

Þótt litið sé fram hjá gömlum og nýjum hugmyndafræðilegum ágreiningi um miðstýringu og markaðslögmál blasa nú við fjölmörg atriði sem eru augljós viðvörunarmerki. Nefna má tvö til skýringar:

Annað veit að skattgreiðendum. Þeir geta ekki greitt niður ríkisskuldarnar með þeim hraða sem nauðsyn krefur. Þá ráða þeir ekki við þá miklu og óhjákvæmilegu fjárfestingu í húsnæði og tækni í heilbrigðiskerfinu sem fram undan er á næsta áratug. Við svo búið hafa skattborgararnir einfaldlega ekki efni á þeim gríðarlegu háu styrkjum sem nú renna

til landbúnaðarins. Þessi forgangsroðun verður ekki umflúin. Og þegar skattborgararnir breytast í launafólk og neytendur hafa þeir heldur ekki efni á þeirri rammgerðu tollvernd sem er við lýði.

Hitt atriðið veit að bændunum sjálfum. Því eru einfaldlega takmörk sett hversu langt er unnt að ganga í hagræðingu og fækkun býla til að ná nauðsynlegri framleiðniaukningu. Heilu héruðin munu óhjákvæmilega láta undan að öllu óbreyttu. Margt bendir til að eina leiðin til framleiðniaukningar í framtíðinni sé aukið olnbogarými á stærri mörkuðum og meira verslunarfrelsi.

það hratt að ekki verður hjá því komist að horfast í augu við það sem skrifað er á vegginn. Velja þarf nýja leið til að viðhalda landbúnaði í landinu.

Allar grundvallarbreytingar eru flóknar og viðkvæmar. Eins og ævinlega þegar hagsmunarárekstrar verða munu ýmsir telja að þeir verji stöðu sína best með því að horfast ekki í augu við breytta tíma og nýjar aðstæður. En þá er hollt að hafa í huga að öll miðstýrð kerfi hafa sinn tíma og engum er greiði gerður með því að festast í tímaskekkju.

Sumir munu ekki standast slíkar breytingar en aðrir munu finna í þeim nýja viðspyrnu. Alltént er engin atakalaus leið sýnileg fyrir bændur. En vöxturinn í ferðapjónustu mun auðvelda byggðunum að laga sig að nýjum aðstæðum í landbúnaði ef menn opna augun.

Það er fyrst og fremst viðfangs- efni stjórnmalanna að bregðast við. En áhyggjuefni er að landbúnaðarráðherrann sýnir enga skapandi hugsun um nýjar leiðir og ný markmið. Svo eru það þeir sem gæta hagsmuna launafólks og framleiðenda. Þeir verða einnig að taka þátt í málefnalegri umræðu.



# Heilsa og hreyfing í sumar

Í Lyfju bjóðum við sérstakan sumarafslátt af úrvali vandaðrar vöru fyrir útiveru og hreyfingu sumarsins. Verum vel undirbúin fyrir allt það skemmtilega sem sumarið hefur upp á að bjóða.



## Sjúkrataska

Ómissandi hluti af ferðalaginu. Hægt að festa við beltið.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Hansaplast

Vatnsheldir plástrar, vörn gegn blöðrum, óhreinindum og bakteríum.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Voltaren Dolo

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Regenovex

Hylki og gel. Náttúruleg lausn við liðverkjum. Hýalúrónsýra fyrir liðina og Bionovex-olía gegn bólgum.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Arctic Root & Astaxanthin

Arctic Root eykur einbeitingu og kraft. Astaxanthin minnkar harðsperrur, eykur liðleika, mýkir og styrkir húð.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Resorb Sport

Með sítrónubragði. Bætir upp vökvatap við líkamlegt álag.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Heelen

Heelen býður einfaldar lausnir við erfiðum vandamálum. Ekki þjást að óþörfu!

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## SoreNoMore

Eitt öflugasta verkjagelið á markaðnum í dag. Frábær náttúruleg hita- og kælikrem fyrir gönguferðir.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



## Vulkan

Hita og stuðningshlifar í miklu úrvali, fyrir hæla, kálfa, læri, nára og bak.

**20% afsláttur**

Gildir til 7. júlí



# Hvar skal búið; tjald eða geymsla?

Fyrir skemmstu var mér sagt upp leigusamningi íbúðar sem ég hef búið í undanfarin tvö ár. Ég hafði alltaf staðið í skilum og var ástæða uppsagnar sú að leigusali var kominn í húsnæðisvanda og vantaði íbúðina fyrir sjálfan sig. Eftir mikla leit að leiguhúsnæði sem hentaði komst ég fljótt að því að leigumarkaðnum, sem hefur reyndar aldrei verið upp á marga fiska, hafði hnignað niður í fyrirbæri sem minnti helst á hóp soltinna úlfa sem slógust um síðasta fuglshræið. Þar að auki er ég með hund og var því óvelkominn á flesta af þeim fáu stöðum sem í boði voru.

Ég hef starfað í sama geira í

### HÚSNÆÐI



Bragi Guðlaugsson  
stuðningsfulltrúi

hálfan annan áratug, í því sem flokkast víst sem hefðbundið kvennastarf og er þar af leiðandi lágtekjumaður. Nýlega hlaut ég smávægis peningasummu í arf, ekkert til að tala um svo sem en þó nóg fyrir útborgun í litla íbúð. Þá datt mér í hug að kíkjá á fasteignamarkaðinn þar sem ég fann litla, ódýra tveggja herbergja íbúð, reyndar í afleitu ástandi en ekkert sem ég treysti mér ekki til að laga sjálfur. Verðið var ágætt og innistæða fyrir útborgun til staðar. Gert var tilboð, með fyrirvara um greiðslumat, og var tilboðið samþykkt.

Ég tók saman alla pappíra sem til þurfti og talaði við þjónustufulltrúa

í Landsbankanum sem leit yfir þá og tjáði mér að þetta yrði líklegast samþykkt. Rúmlega tveimur vikum síðar fékk ég hringingu og var sagt að matinu hefði verið hafnað. Hér kemur svo smá talnaleikur.

**Feitasta hármódelið**

Síðastliðin tvö ár hef ég greitt 95 þúsund krónur í leigu á mánuði, plús rafmagn, síma og internet, eða eitthvað í kringum 110 þús. Afborganir af láninu hefðu verið 55 þúsund krónur. Með hússjóði, fasteignagjöldum, hita, rafmagni, síma og interneti væri ég að borga um það bil 90 þúsund.

Samkvæmt neysluviðmiðum eyðir einstaklingur tæplega 100 þúsund krónum í mat og hreinlætisvörur á mánuði. Ég er nú ekkert

sérstaklega grannur maður fyrir en ef ég eyddi 100 þúsund krónum í mat og sjampó þá væri ég líklegasta feitasta hármódeli í heimi. Reyndar er ég ekki með hár heldur.

Ég á bíl og mat bankinn að rekstrarkostnaður af bílnum væri í kringum 60 þúsund. Ég spurði þjónustufulltrúa hvort ég stæðist matið ef ég seldi bílinn og var sagt að það gengi upp, án bíls hefði ég engar skuldir eða rekstrarkostnað og stæðist því greiðslumat.

Það er mikil eftirspurn eftir sams konar bílum og ég á og því var ég ekki lengi að finna kaupanda. Tveimur dögum síðar fæ ég aðra hringingu frá Landsbankanum og er tjáð að ég standist ekki heldur greiðslumat þrátt fyrir sölu á bílnum.

→ Ég er nú ekkert sérstaklega grannur maður fyrir en ef ég eyddi 100 þúsund krónum í mat og sjampó þá væri ég líklega feitasta hármódeli í heimi.

Fyrir utan slæma starfshætti Landsbankans, þar sem hægri höndin virðist algerlega óhæf um að vita hvað sú vinstri er að gera, þá hlýtur maður að spyrja sig hvernig samfélagið býður upp á það að maður á fertugsaldri, skuldlaus, barnlaus og í fullri vinnu, sjái fram á það að þurfa að búa í tjaldi í Laugardalnum. Nema þá að for-eldrar mínir sjái aumur á mér og búi um mig í geymslunni.

# Framtíðarsýn og pólitísk ábyrgð

### SAMFÉLAG

Arnfríður Guðmundsdóttir  
Baldur Kristjánsson  
Hjalte Hugason  
Sigrún Óskarsdóttir  
Sólveig Anna Bóasdóttir  
guðfræðingar

Flest bendir til að á næstu árum aukist áhrif hlýnnunar á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Spurt hefur verið hvort Íslendingar geti mögulega hagnast á þeirri breytingu, hvort hin aðsteðjandi ógn geti jafnvel orðið okkur til happs eins og „blessað stríðið“ sem hratt okkur loks inn í nútímann.

### Heimóttarleg framtíðarsýn

Með hlýnun munu vissulega berast nýjar tegundir til landsins sem við getum nýtt okkur. Deilurnar um makrílinn sýna að hér er þó ekki um einfalt mál að ræða. Makrílstríðið er samt aðeins forsmekkur að stærri átökum sem fylgja munu hlýnuninni. Hún mun óhjákvæmilega kalla á nýja skiptingu lífsgæða.

Þá er vafamál hvort við getum og viljum auka matvælaframleiðslu hér til að lina neyð þeirra sem verða verst úti af völdum loftslagsbreytinganna. Við framleiðum þegar matvæli til útflutnings. Þau eru þó ekki notuð til að seðja hungur þeirra sem þjást og fátt bendir til að breytingar verði á því. Núverandi stefna okkar og ekki síst Hrunið gefa því miður ekki tilefni til annars en að

ætla að hugur okkar standi einkum til að auka gnægtir okkar sjálfra og þeirra sem hafa greiðslugetu eða háþróaðar vörur til skiptanna. Stórfelld ræktun korns og annarra matvæla sem við höfum takmarkaða reynslu af gerir líka aukna kröfu um þekkingu, færni og fjármagn.

Hér erum við komin að kjarna máls. Loftslagsváin mun stuðla að enn meiri ójöfnuði en þegar er orðinn milli þeirra sem hafa og hinna sem skortir. Við erum að tala um brýnustu lífsnauðsynjar og möguleikann á að verða sér úti um þær. Þetta er skilyrðislaust það fyrsta sem við verðum að velta fyrir okkur í núverandi stöðu. Spurningin um hvort við getum bætt stöðu okkar hlýtur að mæta afgangi þegar um líf og dauða fólks er að tefla.

### Hlutverk Íslendinga

Okkar Íslendinga mun ekki bíða neitt „Messíasar“—hlutverk í framtíðinni í þeirri merkingu að okkur muni óvænt birtast sú lausn sem leysa muni vanda mannkyns, en það virðist áleitinn framtíðardraumur sem ýmsir ráðamenn okkar gera út á í seinni tíð. Við erum of fá og smá, menntun okkar takmörkuð og hugmyndir einhæfar. Efnahags- og skuldastaða okkar ætti þó að nægja til að koma okkur, borgurum dverg-rikisins Íslands, niður á jörðina andspænis hugmyndinni um okkur sem bjargvættir heimsins.

Hlutverk okkar í framtíðinni ætti að felast í að gera betur það sem við höfum hingað til gert best — fyrst og síðast í samanburði við okkur sjálf en ekki aðra. Keppum að sjálf-

→ Loftslagsváin mun stuðla að enn meiri ójöfnuði en þegar er orðinn milli þeirra sem hafa og hinna sem skortir. Við erum að tala um brýnustu lífsnauðsynjar og möguleikann á að verða sér úti um þær.

þærni og endurnýjun líkt og við höfum kostað kapps um að gera í umgengni okkar við nytjastofnana í hafinu. Yfirfærum þá sýn á nýtingu okkar á náttúrunni í heild, en aukum umfram allt framlag okkar til þeirra þjóða sem verða verst úti af völdum loftslagsbreytinganna. Þannig stuðlum við að friði og réttlæti í heiminum.

**VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.190.000 KR. – GERÐU VERÐSAMANBURÐ**

Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í staði.\* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í staði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.  
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.







# LAGERHREINSUN 20%–70% AFSLÁTTUR



## Rýmum fyrir nýjum vörum!

Frábær húsgögn fyrir heimilið og í sumarbústaðinn.

Tungusófar, hornsófar, hægindasófar,  
hægindastólar, rúm, rúmgaflar, ljós,  
borð, sjónvarpsskenkar, sængur, koddar,  
náttborð, stakir stólar, sófar, sófaborð...

...og margt, margt fleira

## LAGERHREINSUN

**HLÍÐASMÁRA 1**

**19.–28. júní**

### Opið:

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-16

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LÚR**  
BETRI HVÍLD



**SKIL**



Vnr. 74097003  
SKIL juðari.

**7.195** kr.



Vnr. 74097207  
SKIL OCTO juðari.

**7.195** kr.



Vnr. 74099150  
SKIL slípirokkur, 550W.

**7.195** kr.



Vnr. 74092390  
SKIL multisög, 200W.  
slípi- og skurðarhlutir  
fylgja með.

**11.995** kr.



Vnr. 74092400  
SKIL rafhlöðuborvél,  
10,8V, 2 rafhlöður.

**16.995** kr.



Vnr. 74092405  
SKIL rafhlöðuskrúfvél,  
3,6V.

**4.995** kr.



Fáðu góð ráð  
varðandi viðhald á  
pallinum. Sjá hér.



KLÚBB verð  
**3.995** kr.  
Almennt verð 4.695 kr.

Vnr. 86363040-540  
Kjörvari pallaolia, glær,  
græn, hnota, fura, rauðfura  
eða rauðviður, 4 l.



## SUMARLEIKUR BYKO

Alls **19** glæsilegir vinningar  
Heildarverðmæti **750.000** kr.

Leikurinn er á facebook.com/BYKO.is  
Dregið alla virka daga í júní

**Einfalt að taka pátt!**

facebook.com/BYKO.is



**ADALVINNINGUR:**  
BROIL KING SOVEREIGN 90  
GASGRILL AÐ VERÐMÆTI

**169.995** KR.



VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**

Vnr. 84105030/163500  
SPEKTER pallaskrubbur  
eða pallavirbursti.

Verð frá:  
**2.995** kr.



Vnr. 86333025  
Viðarskoli, 2,5 l.  
**3.995** kr.



**130 MM**  
Vnr. 58365522  
PXTRA-pensill,  
13 cm.  
**2.395** kr.



**100 MM**  
Vnr. 83037540  
HARRIS pensill fyrir  
skaft, 100 mm.  
**1.545** kr.



Vnr. 50632142  
Gasgrill, 6,1kw.  
Án þrýstijafnara.

**29.995** kr.



Vnr. 53322839  
Slátturaktor  
M125-97T, 6,0kw.

**419.995** kr.

Öl verð eru birt með fyrirvara um prentbætur og/ eða myndbætur. Allar vörur fást í BYKO Breidd on minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



facebook.com/BYKO.is





**BYKO** KLÚBB verð  
**54.995** kr.  
Almennt verð 69.995 kr.

Vnr. 50630085  
METEOR gasgrill, rautt,  
3 brennarar, 8,64 kw.



**BYKO** KLÚBB verð  
**2.895** kr.  
Almennt verð 3.495 kr.

Vnr. 41624129  
STEEL RATTAN stóll.

Vnr. 41624128  
STEEL RATTAN borð.

**BYKO** KLÚBB verð  
**2.995** kr.  
Almennt verð 3.995 kr.

Vnr. 55092000  
Stjúpur, 10 stk.\*  
**795** kr.

\*Fást ekki í BYKO Reyðarfirði.

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

Vnr. 55092148  
Hortensia\*  
**2.195** kr.  
Einungis til í Grænlandi

Vnr. 55092140  
Orchidea.  
**2.195** kr.  
Einungis til í Grænlandi

Vnr. 41621529  
Markisa,  
3,5x2,5 m, græn.  
**34.995** kr.

Vnr. 41622138  
Sólhlíf 200x300 cm.  
Ekki með fæti.  
**BYKO** KLÚBB verð  
**5.995** kr.  
Almennt verð 6.995 kr.

Vnr. 41622160  
Sólbekkur,  
188x62x29 cm.  
**BYKO** KLÚBB verð  
**5.995** kr.  
Almennt verð 7.995 kr.

Vnr. 41622106  
Garðstóll, plast/bast.  
Stálrammi.  
**BYKO** KLÚBB verð  
**6.995** kr.  
Almennt verð 8.995 kr.

## Grænland BYKO BREIDD

Vnr. 55092111  
Gullregn.  
**6.595** kr.

Verð frá:  
**895** kr.

Vnr. 45060670-723  
Blómapottar.



# HELGIN

**Sigrún Lilja Guðjónsdóttir,  
eigandi Gyðju Collection**

## Á tónlistarhátíð

„Ég er að fara á tónlistarhátíðina Secret Solstice um helgina. Það verður gaman að upplifa alvöru tónlistarhátíð yfir sumartímann í Reykjavík. Er virkilega spennt fyrir því.“



**Ása Ninna Pétursdóttir,  
eigandi GK Reykjavík**

## Fótboltamamma á Akranesi

„Ég er að fara á Norðuráls-  
mótið á Akranesi með yngri  
syninum, Kormáki Krumma,  
Svo það er áfram KR-ævintýri  
hjá fótboltamömmunni um  
helgina.“



**Nanna Kristín Magnúsdóttir,  
leikkona og leikstjóri**

## Lesa nýtt verk

„Ég verð á Akranesi á fótboltamóti en bruna til borgarinnar á milli leikja til að fara í gæsun, tvær útskriftarveislur og þegar tími gefst lesa nýtt íslenskt verk sem var verið að bjóða mér hlutverk í, á næsta leikári.“



**Marta Jónsson,  
skóhönnuður**

## Lautarferð og grill í garðinum

„Þessa helgi er veðurspáin alveg dásamleg. Ég fer í lautarferð í dag og ætla að byrja sunnudaginn á góðum hlaupahring. Um kvöldið verður grillað íslenskt lambalæri með grænum Ora-baunum.“

# Erfitt að byrja aftur að spila

Hljómsveitin Massive Attack hefur verið starfrækt síðan árið 1988 og segja meðlimir margt hafa breyst síðan þeir stigu fyrst á stökk. Fyrir viku stigu þeir í fyrsta sinn á svið í fjögur ár og ætla að spila blöndu af gamalli og nýrri tónlist í kvöld á Secret Solstice-hátíðinni.

**Baldvin  
Pormóðsson**  
baldvin@frettabladid.is

„Við erum rosalega jarðbundnir gæjar. Týpunar sem fáum okkur frekar nokkra drykki og sigarettu fyrir tónleika í staðinn fyrir að vera að biðja um rauð m&m og hausanudd,“ segir Robert Del Naja, annar meðlimur Massive Attack en sveitin kemur fram í kvöld á Secret Solstice-hátíðinni í Laugardal.

Hljómsevítin hefur verið starfrækt síðan 1988 og eru Del Naja og Grant Marshall forsprakkar hennar. Mikið hefur breyst á seinustu 26 árum en strákarnir í Massive Attack hafa aðlagast tækninýjungum vel. „Þetta er tívíþætt, annars vegar hefur allt breyst og hins vegar hefur ekkert breyst. Þegar við byrjuðum þá var ráðtónlist rosaleg handavinna, þú þurftir að vanda þig rosalega mikið við hvern einasta takt og hafðir mjög takmarkaða palettur af hljóðum.“

Sveitinn hefur ekki spilað á tónleikum í um það bil fjögur ár en hún kom fram á Sónarhátöðinni í Barcelona í seinustu viku og segir Del Naja að tónleikarnir á Íslandi verði öðruvísi. „Það er allt öðruvísi á Íslandi,“ segir hann og hlær. „Það er svo erfitt að byrja aftur að spila eftir langan tíma, því þú þarft að spila eitthvað gamalt sem fólk kannast við en þú þarft líka að uppfylla þessa þörf hjá þér sjálfum að gera eitthvað nýtt,“ segir Del Naja sem hefur fjórum sinnum áður komið til Íslands.

„Ég hef alveg upplifað báðar hliðar veðursins,“ segir tónlistarmaðurinn sem hefur bæði verið á Íslandi um mitt sumar og miðjan vetur en honum finnst báðar árstíðirnar hafa sinn sjarma. „Maður þarf samt að vakna svo snemma að vetri til, því ef maður rétt svo blikkar augunum missir maður af deginum.“

Del Naja segist einnig vera mikill aðdáandi íslenskrar tónlistar og hlakkar til þess að sjá íslensku hljómsveitirnar sem koma fram á hátíðinni. „Það er svo einstakt, þegar þú ert með stað sem er eins einangraður og Ísland er þá fær tónlistin tækifæri til að þróast án þess að verða fyrir of miklum áhrifum annars staðar frá,“ segir hann og ber tónlistarsenuna á Íslandi lauslega saman við senuna í Bristol, þar sem Massive Attack byrjaði sinn tónlistarferil. „Bara það að Bristol sé 200 kílómetra



**JARÐBUNDNIR** Peir Robert Del Naja og Grant Marshall eru spenntir fyrir að stíga á svið í Laugardalnum í kvöld og segja Íslendinga vera með orð á sér fyrir að vera villtir.

## Hverjir eru Massive Attack?

- Massive Attack hófu að semja tónlist árið 1988 og var það tvíeykið Robert „3D“ Del Naja og Grant „Daddy G“ Marshall sem stofnuðu sveitina saman. Fyrsta plata þeirra, Blue Lines, kom út árið 1991 og hlaut einróma lof gagnrýnenda, eins og flestar aðrar plötur sem tvíeykið hefur gefið út. Frægasta lag Massive Attack, Teardrop, kom út árið 1998 á plötunni Mezzanine og var sú plata, ásamt Blue Lines, valin ein af 500 bestu plötum allra tíma af tónlistartímaritinu Rolling Stone.
- Teardrop er án ef vinsælasta lag sveitarinnar og naut hún líðsinnis söngkonunnar Elizabeth Fraser í laginu. Voru þeir félagar þá búnir að hafa samband við Madonna um að ljá laginu rödd sína en Fraser hafði vinninginn og Madonna varð fyrir vonbrigðum þar sem hún ku hafa verið orðin spennt fyrir að syngja lagið. Lagið minnir söngkonuna alltaf á tónlistarmanninn og góðan vin hennar, Jeff Buckley, sem dó á sama tíma og hún var syngja lagið í hljóðveri ári 1997.

frá London hjálpaði tónlistarsenunni að þróast án þess að verða fyrir þeim truflunum sem fylgja oft stórborgum.“

Eins og fram hefur komið  
bá fer Massive Attack á svið í

Laugardalnum í kvöld og hlakka þeir til þess að spila og kynnað einhverjum Íslendingum. „Íslendingar hafa orð á sér að vera villtir, ég er alltaf spenntur að koma til Revkjavíkur.“





GILDIR EINGÖNGU Í KRINGLUNNI

S.K.I.F.A.N



NÁÐU ÞÉR Í TÖNLIST OG Kvikmyndir  
Á FRÁBÆRUM VERÐUM!  
VERSUN OKKAR Í KRINGLUNNI FLYTUR NIÐUR Á Fyrstu hæð, við Hlíðina  
Á HAGKAUP OG AÐ Því TÍLEFNI ER RÝMINGARSALA.

Náðu þér í tölvuleiki á  
RUGL verðum!

VERSUN OKKAR Í KRINGLUNNI FLYTUR NIÐUR Á Fyrstu hæð, við Hlíðina  
Á HAGKAUP OG AÐ Því TÍLEFNI ER RÝMINGARSALA.



GILDIR EINGÖNGU Í KRINGLUNNI



# Skil ekki fólk sem vill vera ungt

**Lilja Sigurðardóttir** fékk Grímuna fyrir frumraun sína í leikritasmíð og situr við að skrifa annað leikrit, auk draugahrollvekju með Yrsu. Æskuár Lilju voru lífleg en öðru máli gegndi um unglingsárin. Hún áttaði sig snemma á að hún var upp á kvenhöndina og 19 ára gat hún talið Margréti Pálu Ólafsdóttur á að hefja með sér sambúð. Þær eiga 23 ára samband að baki.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is

Lilja Sigurðardóttir leikritaskáld býr í glæsilegri íbúð í einni af blokkum Hóla hverfisins í Breiðholti og hefur næstum öll ríki veraldar sem útsýni úr gluggunum. Hún ber fram bragðgott kaffi í stórum krúsum og ég legg til hálfu vínarbrauðslengju úr Björnsbakaríi.

Á borðinu liggur steinplatti með gylltri skreytingu – Grímuverðlaunin sem Lilja fékk fyrir Stóru börnin, áhrifamikið verk um fullorðið fólk sem þráir að vera meðhöndlað eins og börn og borgar fyrir það. Það er hennar fyrsta leikrit og sló í gegn í vetur í Tjarnarbíói. Hún er langt komin með að skrifa nýtt leikrit, Saman? – um tvíburasystur sem eru fastar saman. Hún kveðst upptekin af því að fjalla um innri veruleika fólks og þykir gott að nota líkamlegt ástand til að koma honum á framfæri. „Viðfangsefnið er togstreitan milli nándar og sjálfstæðis og það má líta á það sem táknrænt fyrir sambönd fólks. Það eru sammannleg viðfangsefni sem allir þekkja en í skrítnum ramma.“

Lilja segir Rúnar Guðbrands-son koma til með að leikstýra þessu nýja verki hvar sem það fari á svið. „Stóru börnin voru frábær í hans útfærslu, fannst mér,“ segir hún. „Við Rúnar skiljum hvort annað án þess að þurfa að útskýra alla hluti. Hann hefur líka gott lag á að ná því besta fram án þess að það virðist mikil áreynsla í því, er mikill leikhúsmáður og með flotta listræna sýn.“

### Dapur unglingur

Lilja er í föstu sambandi við Margréti Pálu Ólafsdóttur Hjallastefnufrömuð og nú á 17. júní áttu þær 23 ára samleið að baki. Þær búa þó hvor út af fyrir sig. Spurð hvort nýja leikritið rími við líf þeirra svarar Lilja: „Kannski og kannski ekki. Ég held að sjónarhorn þeirra sem eru utan hins hefðbundna ramma sé svolítið annað en þeirra sem eru inni í rammanum. Þess vegna á ég auðvelt með að hafa samkennd með öllum sem eru öðruvísi og hef meiri áhuga á slíku fólki.“

Hvernig unglingur varstu? „Ég var óskaplega dapur unglingur. Ég held það sé þannig hjá mörgu gay fólki að unglingsárin séu erfið og leiðinleg. Ég skil aldrei í fólki sem vill vera ungt og fara til baka til æskuáranna. Mér finnst það hræðileg tilhugsun. Ég fagna hverju ári sem bætist á mig. Lífsreynslan og þroskinn gefur manni svo mikið.“

Lilja kveðst snemma hafa áttað sig á að hún væri upp á kvenhöndina. „Ég varð stundum skotin í strákum sem unglingur en það var aldrei nein ástríða í því, hún var alveg bundin við konur,“ segir hún og heldur áfram: „Ég var 19 ára þegar Magga Pála loksins gafst upp og leyfði mér að flytja inn á sig. Þá hafði ég virkilega elst við hana í nokkurn tíma. Henni fannst ég allt of ung. Það er bölvuð vitleysa. Fimmtán ára aldursmunur er bara mjög máturelt, finnst mér. Stundum búum við saman og stundum ekki en alltaf elskum við hvor aðra svo mikið. Við lifum að mörgu leyti nokkuð ólíku lífi og höldum vissu sjálfstæði. Það er mjög fínt. Taktur okkar er svolítið ólíkur en við njótum þess alltaf að vera saman og hjálpað að. Svo þykir okkur báðum voða vænt um fjölskyldurnar okkar. Magga Pála var svo elskuleg að eiga eina unglingsstúlku þegar við tókum saman fyrir 23 árum og sú er búin að ávaxta sig svo vel að hún á fjögur börn. Þannig að ég fæ að eiga hlutdeild í fjórum barnabörnum án

þess að eiga nokkurt barn. Það er æði.“

### Skrifar með Yrsu

Lilja hefur skrifað tvær glæpasögur, Spor og Fyrirgefningu. Sú seinni kom út 2010. Eftir það sneri hún sér að leikhúsinu. „Ég er uppteknari af innihaldi en formi. Glæpasagan er góð að því leyti að það er á henni svo stíft form sem maður verður að semja sig að, svipað og að yrkja samkvæmt bragarhátum. Sama gildir um leikhúsið, strúktúrinn verður að vera réttur svo allt gangi upp. Mér finnst það skemmtileg glíma. Ég vil nota form sem virkar til að koma innihaldinu á framfæri. Það er mitt gaman.“

Hvenær sólarhringsins skyldi hún helst skrifa? Hún hlær. „Ég er nú aðallega að vinna fyrir mér og það er reyndar líka við textameðhöndlun. Ég hef gaman af öllum texta, hvort sem það er nytjatexti eða skáldskapur. Núna er ég að ritstýra stórri handbók fyrir Hjallastefnuna. Það er búið að vera draumur minn lengi að koma hugmyndafræðinni hennar Margrétar Pálu í umbúðir sem sæma henni. Svo nota ég stundir sem gefast inn á milli í skáldskapinn. Við Yrsa Sigurðardóttir erum að dunda okkur í rólegheitunum við að skrifa draugahrollvekju. Það er mjög skemmtilegt. Við hyggjumst klára það á næsta ári.“

Hafið þið unnið saman áður? „Nei, en við þekkjumst ágætlega. Yrsa er snilldar plottari, masterar form glæpasögunnar svo vel. Ég get vonandi lagt eitthvað af mörkum líka.“

Lilja segir sem sagt alltaf nóg við að vera og alltaf gaman. „Mér hefur stöku sinnum dottið í hug að kvarta yfir að hafa of mikið að gera en fattaði að það var bara vanþakklæti því sumir hafa ekkert að gera og það er miklu verr.“

### Aldrei lengi á sama stað

Nú vil ég vita eitthvað um uppruna Lilju. „Foreldrar mínir, Sigurður Hjartarson og Jóna Kristín Sigurðardóttir, ólust upp á Akureyri. Síðan hafa þau verið heimshornaflakkarar. Ég er fædd á Akranesi en flutti þaðan fimm ára og síðan bjuggum við aldrei nema nokkur ár á sama stað. Við bjuggum tvisvar í Svíþjóð, í Mexíkó og á Spáni fyrir utan flakk annars staðar. Mamma og pabbi eru mitt á milli þess að vera endurreisnarfólk og hippar og við systkinin fjögur nutum góðs af því. Þau bara þökkðu niður, settu börnin í bakpoka og fóru eitthvert.“

Hún segir foreldrana skapandi fólk og hugmyndaríkt. „Þegar ég var lítill var allt á heimilinu heimgert. Pabbi smíðaði, mamma bólstraði og saumaði. Þau búa hérna í húsinu, eru farin að eldast og þá finnst mér notalegt að vera nálægt þeim. Ég get aðstoðað þau við að skipta um ljósaperur og svo er stutt fyrir mig að fara í mat ef þau eru að steikja fisk. Detta er yndisleg nærvera.“

En hvar þótti þér best að búa sem krakki? „Ég var alltaf spennt fyrir að fara og prófa eitthvað nýtt en þegar ég var komin þangað fylltist ég ættjarðarást. Þannig lærði ég að meta Laxness. Ég var lengi sem krakki í mótþróa við stafsetninguna hans en þegar við vorum búsett erlendis þá varð allt íslenskt svo mikilvægt. Mér finnst gaman að ferðast en best að búa á Íslandi og hef sterka þörf fyrir að vera Íslendingur. Næsta systir mín hefur ekki sömu tilfinningu. Henni líður vel þar sem hún er hverju sinni. Hún er í Tansaníu núna með afrískum manni sínum og þau eiga lítið barn. Við Magga Pála rekum þar mun- aðarleysingjaheimili fyrir 13 stelpur, ásamt þeim, vinum okkar og fjölskyldu og erum einmitt að fara þangað núna 1. júlí. Það er býsna langt ferðalag. Suður fyrir miðbaug.



**LEIKSKÁLDIÐ** „Mér finnst gaman að ferðast en best að búa á Íslandi og hef sterka þörf fyrir að vera Íslendingur,“ segir Lilja. MYND/ARNPÓR

“Ég var 19 ára þegar Magga Pála loksins gafst upp og leyfði mér að flytja inn á sig. Þá hafði ég virkilega elst við hana í nokkurn tíma. Henni fannst ég alltof ung. Það er bölvuð vitleysa.

En ég hlakka til að hitta stelpurnar á heimilinu og svo systur mína og hennar fólk og svo njótum við Magga Pála þess að ferðast saman. Það er líka það sem við þurfum. Þegar fólk er í skapandi vinnu þarf það að sjá eitthvað og upplifa. Fylla á tankinn.“

### Sjónvarpshandrit í smíðum

Í lokin spyr ég Lilju hvort hún haldi að Stóru börnin fari víðar. „Það er aldrei að vita. Danskt leikhús hefur áhuga á því og í umræðunni er að gera úr því íslenska sjónvarpsmynd. Það var alltaf draumur minn að skrifa fyrir sjónvarp og ég er að skrifa handrit upp úr fyrstu glæpasögunni minni, guð má vita hvort það fær einhvern hljómgrunn. En leikhússkrifin henta mér vel. Ég hugsa svo mikið í sjónrænu formi og miðað við þessar yndislegu viðtökur sem ég hef fengið þá virðist það vera að virka.“



**ÚR SÝNINGUNNI** Hallur, Birna og Árni Pétur í hlutverkum sínum. MYND/SNORRI GUNNARSSON

### Lilja um Stóru börnin

„Stóru börnin fjalla um fyrirbærið infantilism, það er blæti fyrir því að vera barn. Ég frétti um fyrirbærið fyrir nokkrum árum og þótti það merkilegt. Sumir vilja meina að það snúist bara um ástúðina og umhyggjuna. Kannski hafa allir það í sér en svo birtist það með ýktum hætti í sumum tilfellum.

Stóru börnin voru kómedía fyrir hlé og tragedía eftir hlé. Kómedían er svo góð til að ná til fólks. Það er svo gott að fá fólk til að hlæja og slaka á, þá opnar það inn á tilfinningarnar, inn á hjartað, þá er hægt að kremja það. Það er beinn aðgangur að því að hafa áhrif á fólk. Ég var þakklát fyrir að Rúnar náði þessu rétt fram og þessir dásamlegu leikarar, Árni Pétur Guðjónsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson og Birna Hafstein.“



# Neyðarákall

## fyrir börn í Suður-Súdan

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan.

**Þau þurfa hjálp – núna!**

Suður-Súdan

Súdan

Eþíópía

Mið-Afriku-  
lýðveldið

Lýðveldið  
Kongó

- Fleiri en 50.000 börn þjást nú þegar af lífshættulegri vannæringu.
- Skortur á uppskeru blasir við. Hungursneyð vofir yfir milljónum barna.
- Vannærð börn hafa minni mótstöðu fyrir lífshættulegum sjúkdómum.
- Meira en hálf milljón barna hefur neyðst til að flýja heimili sín vegna átaka.
- Ótal börn hafa misst eða orðið viðskila við fjölskyldu sína.

Sendu sms-ið **BARN**  
í númerið **1900** og  
gefðu **1.900 krónur**

**Þín hjálp skiptir máli**

Söfnunarreikningur: 701-26-102040, kt: 481203-2950

unicef 





**MARGIR HÖFÐU EFASEMDIR UM JÓN GNARR**  
Dagur segir marga hafa látið í sér heyra þegar hann átti þátt í því að mynda meirihluta í borginni 2010 og gera Jón að borgarstjóra.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

# Fékk að heyra að ég væri í ruglinu

**Dagur Bergþóruson Eggertsson** ólst upp í Árbænum, fór í MR og þaðan lá leið hans í læknisfræði. Hann á tólf ára stjórn-málaferil að baki og er nú borgarstjóri í Reykjavík – í annað sinn. Hann á fjögur börn með eiginkonu sinni, Örnu Dögg, sem er læknir eins og hann. Hann segir dagskrána á heimilinu oft þetta. Dagur ræðir fjölskylduna og samstarfið við Jón Gnarr.

Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



**P**egar blaðamann ber að garði situr Dagur við skrifborðið inni á skrifstofu borgarstjóra í Ráðhúsinu þar sem hann er nýfluttur inn. „Ég er búinn að ganga inn á gömlu skrifstofuna mína á hæðinni fyrir neðan þrjár dagar“, segir Dagur og hlær.

Dagur fæddist árið 1972 og er kvæntur Örnu Dögg Einarsdóttur. Saman eiga þau fjögur börn, lækni-inn og borgarstjórinn.

„Ég held að það þurfi ákveðna blöndu af skipulagi, umburðarlyndi og úthaldi – og stundum er þetta bara erfitt, ég verð að viðurkenna það. Við erum bæði með stífa dagskrá en höldum úti nokkurs konar stundatöflu sem við skráum viku fram í tímann. Svo byrjuðum við að vinna það þar sem ég mæli með því – það er líka sparnaðar-rád. Þá höldum við fjölskyldufund á sunnudögum, horfum á hvað er til í ísskápnunum og krakkarnir taka þátt og segja sitt.“

**Sefurðu eitthvað?** „Fæ oftast mína sex-sjö tíma,“ segir Dagur og hlær. „Stundum minna.“

## Komst ekki inn í MH

Dagur ólst upp í Árbænum og tók virkan þátt í félagsstarfi. „Ég var um það bil í öllu sem ég gat prófað – handbolta, fótbolta og lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts þar sem ég spilaði á þriðja trompet. Ég prófaði fimleika og var í dansskóla Heiðars Ástvaldssonar. Ég sótti svo um í MH og komst ekki inn og ætlaði þá að vera í öskunni til áramóta og byrja svo í MH – en fékk ekki vinnu. Ég heyrdi síðar að maður hefði þurft að vera í Sjálfstæðisflokknum til að fá að vera í öskunni. Fyrir röð tilviljana endaði ég í MR og sá ekki eftir því. Það var mjög gaman. Þaðan lá leið mín í læknisfræði og þegar ég

var á fimmta ári kynntist ég Örnu,“ heldur Dagur áfram.

„Ég kynntist henni í gegnum systur hennar sem var með mér í læknisfræðinni. Arna var alin upp í Svíþjóð þar sem pabbi hennar er læknir og hún var að læra í Svíþjóð en vann við rannsóknir í Íslenskri erfðagreiningu á sumrin. Mig grunar enn að þetta hafi verið gildra. Mér var boðið í mat og þegar ég mæti er Hulda, sem bauð mér í matinn, hvergi sjáanleg en bara Arna. Hulda var í klippingu og litunin hafði mistekist svona rosalega, sem ég trúir svo sem alveg því að þegar Hulda kom aftur tveimur tímum seinna var hún með grænt hár. Þá hafði endurlitunin misheppnast líka. Við Arna vorum þá komin vel ofan í rauðvínsflöskuna og þetta eiginlega bara small með miklum hvelli strax um sumarið. Þetta var árið 1998,“ rifjar Dagur upp.

Arna starfar sem sérfræðingur í lyflækningum á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

„Það er erfitt starf og til þess að vinna það þarf mjög sérstakt fólk. Arna er mjög sérstök manneskja. Ég er oftast stoppaður úti á götu og mér þakkað fyrir eitthvað sem hún hefur gert en fyrir eitthvað sem ég hef gert.“

**En hefur þú aldrei efast um starfsvalið?** „Læknisfræðin togar svolítið í mig. Ég verð að viðurkenna það. Ég vann sem læknir framan af í borgarstjórn. Ég var þá á bráðamóttökunni sem er mjög skemmtilegur staður að vinna á – mikið að gerast og dálítill keppnisandi. En eftir að við byrjuðum að eignast börnin, þá varð þetta ansi dýr tími til að eyða í „aukavinnuna“. Vaktirnar voru aðallega á kvöldin og um helgar og það var farið að klípa ansi mikið af samverustundunum með fjölskyldunni. Þá hætti ég, en núna eftir að yngsta er orðin þriggja finn ég hvernig læknisfræðin er farin að toga í mig.“

**Gætirðu hugsað þér að fara aftur í læknaþoppinn?** „Já, algjörlega. Það er samt ekkert plan um það. En það er margt í pólitík sem tengist

heilbrigði og lýðheilsu og borgin hefur heilmikið um það að segja. Ég dregst alltaf meira og meira að þannig verkefnum í pólitíkinni.“

## Bergþóruson

Dagur er elstur af þremur systkinum, sem öll eru nán. Valgerður er lögmaður, sérfræðingur í Evrópu-rétti og samkeppnislöggjöf, Gauti er hagfræðingur og prófessor við Brown-háskólann á austurströnd Bandaríkjanna. Dagur segir mikinn stuðning í fjölskyldunni.

**En af hverju ertu Bergþóruson?** „Mamma er mikill nagli og ég er fæddur í Ósló. Mamma og pabbi voru ekki gift þannig að þegar hún kom á spítalann átti pabbi ekki að fá að vera viðstaddur fæðinguna. Mamma var ekki sáttt við það þannig að hún hysjaði upp um sig og fór á annað sjúkrahús. Þar fékk hann að vinna hjá Seðlabankanum og er núna orðinn prófessor.“

Dagur segir þetta orðna reglu í fjölskyldunni. Systkini hans eru líka kennd við báða foreldra.

„Ég á bróður sem er tveimur árum yngri. Við vorum mjög nánir. Við olumst upp í svona IKEA-kojum, sem voru síðan sagaðar í tvennt og höfðagaflarnir settir saman. Þannig að við töluðum hvor annan í svefn á hverju einasta kvöldi. Hann hefur verið að vinna hjá Seðlabankanum og er núna orðinn prófessor.“

**Ráðfærir þú þig mikið við hann?** „Já, ég hef alltaf gert það.“

## Tók sig í gegn

**En hvernig er að fylgja í fótspor Jóns Gnarr?** „Lykillinn að því að gera það vel er að reyna það ekki. Ég held að það fari enginn í fötin hans Jóns. Framboð Jóns var gæfa fyrir borgina og samfélagið eftir

hrun. Umræðan einkenndist af reiði, réttlátri reiði og eins og við sjáum mjög víða í Evrópu þá getur svona ólga farið í alls konar áttir. Jón steig fram og veitti henni í mjög uppbyggilegan farveg að mínu mati. Og ferill hans gerði meira. Jón er tákni um það að Reykjavík og Ísland sé samfélag þar sem alls konar fólk geti látið drauma sína rætast. Þetta hefði svo auðveldlega getað farið í allt aðra átt. Og ástæðan fyrir því að Jón fær þennan gríðarlega stuðning, þó að hann hafi í raun ekki teft neinu hefðbundnu fram í kosninga-baráttunni, er ekki sú að hann er svo vinsæll og fyndinn. Það er ekki nóg, þótt hann sé hvort tveggja.

Ástæðan fyrir því að hann gat gert þetta er að hann í gegnum sinn langa feril hefur náð eyrum stórs hóps í samfélaginu sem hlustar almennt ekki á stjórnmálamenn. Hann hefur einnig traust þeirra, því hann hefur unnið til þess. Hann er alltaf heiðarlegur og samkvæmur sjálfum sér. Og hann berst gegn frekju, ofríki og ofbeldi. Ég held að margir vanmeti þann þráð, því Jón hefur alltaf barist fyrir friði og gegn ofbeldi, sem grínisti, sem útvarps- og sjónvarpsmaður. Það er sterkur og húanískur þráður í honum sem springur út á magnaðan hátt í borgarstjórahlutverkinu. Og ekki bara á Íslandi. Það er ótrúlegur áhugi á honum úti um allt.“

**Finnst þér orðræðan hafa breyst í pólitík? Er fólk ekki aðeins minna leiðinlegt eins og Jón orðaði það sjálfur?** „Ég vona það. Mér fannst ég alla vega þurfa að taka sjálfan mig í gegn. Það er svo auðvelt að bara tala eða romsa staðreyndunum upp úr sér... spila plötuna. Nota einhver orð eða frasa sem maður hefur tileinkað sér eins og maður gerir. Ég hef reynt að bæta mig í þessu, tala styttra og meira beint frá hjartanu. Örugglega er hægt að finna í því góð áhrif frá Jóni.“

**Finnur þú það að borgin hafi skipst í tvær fylkingar gagnvart Jóni?** „Já, það var áberandi. Sérstaklega í borgarstjórninni en

„Mér fannst ég alla vega þurfa að taka sjálfan mig í gegn. Það er svo auðvelt að bara tala eða romsa staðreyndunum upp úr sér... spila plötuna. Nota einhver orð eða frasa sem maður hefur tileinkað sér eins og maður gerir. Ég hef reynt að bæta mig í þessu, tala styttra og meira beint frá hjartanu.“

„Arna er mjög sérstök manneskja. Ég er oftast stoppaður úti á götu og mér þakkað fyrir eitthvað sem hún hefur gert en fyrir eitthvað sem ég hef gert.“

ekki á meðal fólksins í Ráðhúsinu. Stóra breytingin var sú að það voru margir sem höfðu efasemdir um Jón. Þetta fólk lét þær skoðanir í ljós við mig þegar við mynduðum meirihlutann. Ég fékk að heyra að ég væri í ruglinu og þetta væri feigðarflan og ég ætti eftir að sjá eftir þessu. Núna hefur stór hluti þessa hóps viðurkennt og sagt að það hafi komið þeim á óvart, hvað þetta gekk vel. Ég veit að í mínum flokki voru margir sem töldu þetta samstarf mikla háskaför.“

**Hvernig líst þér á nýju samstarfsfélagana í Framsókn?** „Ég átta mig engan veginn á Framsóknarflokknum eða á hvaða leið hann er. Ég er hugsi og ætla að halda áfram að gefa þeim svigrúm til að útskýra sitt mál. Orðum fylgir alltaf ábyrgð. Og þegar fólk er komið í stjórn má er auðvitað sérstaklega mikilvægt að átta sig á þeirri ábyrgð. Þú getur verið að segja hluti sem særa, eða einhvern veginn gefa þau skilaboð að hatur eða fyrirleitning gagnvart einhverjum öðrum sé í lagi, sem það er aldrei.“



# Veldu þína leið til að hætta að reykja



**Það eru ekki allir reykningamenn eins.**

Þess vegna býður Nicorette upp á breitt úrval nikótínlyfja svo þú getir valið það lyfjaform sem hentar þér best sem aðstoð við að hætta að reykja.

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda reykningamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reyktt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggið 24 stk., innsogslýf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsgostöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsgostöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhætta af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsgostöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsgostöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Öfnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem hafa aldrei reyktt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúðveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið öfnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, krömfiklaæxli, skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bölgur í vélinda, munni eða koki, magabölgur, exems- eða öfnæmisúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslýf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggið inniheldur bütýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhuð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxýbensóat og própýlparahýdroxýbensóat, sem geta valdið öfnæmi og mjög sjaldan öndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmígu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólkning. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.





**LÆRT Í LEIK**

Dýrmætt er fyrir börn af sama þjóðerni að blanda geði hvert við annað. Hér er töluð þýska.

# Fann strax að framtíðin var hér

**Renata Emilsson Peskov** er frá Tékklandi og á fimm ára son sem talar bæði íslensku og tékknesku. Hún er formaður Móðurmáls, samtaka um tvítýngi, sem fengu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is



**R**enata er kennari í Hlíðaskóla í Reykjavík. Tvítýngi og virðing fyrir uppruna barna eru hennar hjartans mál og þegar hringt er í hana til að falast eftir viðtali í Fréttablaðið tekur hún því vel að skjótast í Skaftahlíðina þegar hún á lausa stund. Það vekur strax athygli mína hversu frábæra íslensku hún talar og ég byrja strax að forvitnast um bakgrunn hennar.

„Ég kom hingað frá Tékklandi fyrir tíu árum og fann strax að framtíðin var hér. Þegar staðan er þannig borgar sig að byrja strax að læra málið og það gerði ég, mér fannst það líka gaman,“ segir Renata sem er tungumálakennari og kennir ensku og þýsku þannig að hún kveðst hafa haft góðar forsendur til að læra mál. „Svo hef ég varið ómældum tíma í íslenskunámið. Fór á nokkur námskeið, lærði mikið ein og í hversdagslegum samskiptum bæði við eiginmann minn og í vinnunni. Ég hef alltaf verið í vinnu þar sem íslenska er töluð.“

**Hitti mann sem heillaði**

Renata kveðst upphaflega hafa komið til landsins af því að hún hitti íslenskan mann sem heillaði hana. „Það er mín saga eins og margra annarra,“ segir hún broandi og upplýsir að eiginmaðurinn heiti Guðmundur Emilsson og þeirra fyrstu kynni hafi orðið í Bæjaralandi árið 2002 þegar Guðmundur starfaði þar við hljómsveitarstjórn. „Guðmundur var að stjórna kammeróperu eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Ég var þar í sumarvinnu við að skipuleggja tónlistarhátíðir og við hittumst þar. Svona er þetta líf. Hlutirnir gerast koll af kalli.“

Renata er formaður Móðurmáls, samtaka um tvítýngi, sem séra Toshiki Toma stofnaði fyrir tuttugu árum. Hún hefur mikinn áhuga á móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna og áhrifum kennslunnar á almennan árangur í skólum og er í doktorsnámi í þeim fræðum. „Ef barn talar ekki íslensku, heldur bara sitt upprunamál, þá þarf það að læra nýja hluti og þroskast á því máli. Það gengur ekki að krefjast þess að barn læri ritmál íslensku eins og skot, heldur er mikilvægt að byggja á því sem það kemur með. Smátt og smátt kemur íslenskan inn. Það er visst aldurs skeið sem málþroskinn fer fram, kannski frá tveggja til átta

**HUGSJÓNA-MANNESKJA**

„Það gengur ekki að krefjast þess að barn læri ritmál íslensku eins og skot, heldur er mikilvægt að byggja á því sem það kemur með. Smátt og smátt kemur íslenskan inn,“ segir Renata.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ára. Ef sá þroski er stoppaður og barnið verður að byrja allt upp á nýtt þá getur það haft langvarandi afleiðingar á nám þess og vellíðan.“

Sjálf er Renata móðir fimm ára drengs, Jóhannesar, sem talar bæði íslensku og tékknesku. „Hann verður að vera tvítýngdur, drengur sem á svona mömmu,“ segir hún hlæjandi og bætir við að þau hjón séu sam-mála í afstöðu sinni til tvítýngis. „Þegar Jóhannes var tveggja ára vorum við að hugsa um að finna tékkneskt fólk hér til að stofna hóp svo við gætum kennt börnum tékknesku og komið þeim í kynni hvert við annað. Þá komumst við í samband við Móðurmál sem eru regnhlífarsamtök yfir litla hópa sem kenna börnum móðurmál. Þörfin er svo sterk hjá fólki og það kennir í sjálfboðavinnu. Ég fór að vinna með þessum samtökum því það sem þau gera er mér mikið áhugamál og alltaf er þörf á fólki sem gefur af tíma sínum og kröftum.“

**Lesefni við hæfi mikilvægt**

Móðurmál heldur úti heilmikilli starfsemi. „Eiginlega snýst starfið eingöngu um börnin. Að kenna þeim mál foreldra eða foreldris af erlendum uppruna, viðhalda menningu og tengslum og skapa lítið samfélag barna sem tala sama mál. Þarna koma jafn-

vel mömmur með börn á brjósti en kennslan snýr að þriggja til sextán ára, þó er algengt að unglingar detti út um fermingu,“ lýsir hún og segir hópana vinna sjálfstætt í sínum tungumálum.

En hafa börn gott aðgengi að bókum á sínu öðru tungumáli hér? „Auðvitað eru margar góðar bækur á bókasöfnunum en ekki nógu mikið úrval á öllum málum fyrir öll aldursstig. Við Tékkarnir höfum í tvö til þrjú ár verið með söfnun í Tékklandi og ferðaskrifstofa hefur flutt fyrir okkur marga kassa af bókum til landsins svo það er tékkneskt bókasafn hér. Við höfum líka gefið bækur til Borgarbókasafnsins og þær eru aðgengilegar í Gerðubergi og á Tryggvagötu. Það er dýrt að flytja hingað bækur frá fjarlægum löndum. En það er svo mikilvægt þegar fólk lærir mál að hafa lesefni og geta lesið sér til skemmtunar á því frá unga aldri. Í því felst stór hluti af tungumálaþekkingu hvers og eins.“

Renata ætlar að skreppa til Tékklands í sumar. „Við erum alltaf á ferðinni,“ segir hún broandi. „Það eru svo margir ættingjar að heimsækja og margt sem þarf að sýna Jóhannesi. Ég vil að sonur minn þekki allt fólkið mitt sem best og kynnist mínum slóðum.“

Aðstæður barna hér sem eiga foreldra af öðru þjóðerni en íslensku eru mjög mismunandi,

„Ég vil að sonur minn þekki allt fólkið mitt sem best og kynnist mínum slóðum.“

meðal annars eftir því hvert upprunalandið er, að sögn Renötu. „Það er auðvelt að halda tengslum við skyldfólkið úti þegar um Norðurlöndin er að ræða en fólk frá Filippseyjum þarf kannski að spara í tíu ár fyrir einni ferð þangað,“ bendir hún á.

**Langar að segja takk**

Þetta ár hefur verið gjöfult hjá þeim sem beina athygli að tvítýngi, að sögn Renötu. „Móðurmálsverkefnið snýst ekki lengur bara um áhuga foreldra, heldur eru stofnanir farnar að sinna því betur en áður og það kemur við sögu í allri menntunarmræðu. Nú síðast var ný fjölmenningarstefna kynnt í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Þar er lögð áhersla á tvítýngi, virðingu fyrir erlendum uppruna barna og betri tengsl við foreldra. Þetta er grunnskjal og það er mikilvægt skref að hafa það samþykkt og undirritað,“ segir Renata. „Mig langar að segja takk við fólkið sem er að styðja við móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna. Það er góðgerðarstarf og án þessa fólks þá væri ekkert.“

## Neyðarákall

fyrir börn í Suður-Súdan

Sendu sms-ið  
**BARN** í númerið 1900  
og gefðu **1.900 krónur**

Þín hjálp skiptir máli



# ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

## BLUE LAGOON SOUNDTRACK

EINSTAKIR KVÖLDTÓNLEIKAR ÞRIÐJUDAGINN 24. JÚNÍ Í BLÁA LÓNINU

**DJ Margeir og gestir** bjóða upp á tónlistarveislu í tilefni af útgáfu þriðju hljómplötu Bláa Lónsins.

**Tónleikarnir hefjast kl. 22** að kvöldi Jónsmessu og standa til miðnættis. Tónleikagestir fylgjast með tónleikunum ofan í Bláa Lóninu.

**Fram koma:**

- DJ Margeir
- Gluteus Maximus
- Högni Egilsson
- Daníel Ágúst
- Ásdís María Viðarsdóttir
- Kiasmos

**Miðaverð er 3.500 krónur** og er aðgangur í lónið innifalinn. Hægt er að bæta við akstri frá/til Reykjavíkur fyrir 3.500 krónur.

**Miðasala á [midi.is](https://midi.is).**






# Gönguferðir, gallerí og hellar

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is

Vesturland býr yfir gróðursælum dölum, glitrandi bergvatnsám og heitum lindum. Kynngimagnaður Snæfellsjökull setur á það svip og merkir sögustaðir eru við hvert fótímal. Vestanlands getur fólk skemmt sér við að renna fyrir fisk, skella sér í sund, spila golf, skoða söfn og listhús, klífa fjöll, kanna hella, ganga um fjörur og fara í siglingar.

## VESTURLAND ÚTIVIST OG AFPREYING



**STYKKISHÓLMUR** Þaðan er farið í ævintýrasiglingar út á Breiðafjörð. Þar er nú holið golfvöllur, sundlaug, sex gallerí, Vatnasafn og Eldfjallasafn svo nokkuð sé nefnt. Svo er stutt á Helgafell og þar geta menn hitt á óskastund.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Útivist

## Eftir góða gönguferð er ljúft að slaka á í volgri laug

### 1. Ofan við Undirdjúpin

Vatnshellir á Snæfellsnesi er ævintýraveröld í iðrum jarðar. Hann er í Purkhólahrauni á utanverðu nesinu. Í Vatnshelli eru meðal annars dropasteinsmyndanir. Undir aðalhellinum eru þrír aðrir hellar sem saman heita því dulúðuga nafni Undirdjúp. Leiðsögumaður fer með fólki í Vatnshelli allt árið.

### 2. Allir í fótabað

Snorrulaug í Reykholti er vel þekkt. Færri vita um Guðrúnarlaus í Sælingsdal í Dalasýslu sem heitir eftir kvenskörungnum Guðrúnu Ósvífursdóttur. Laugin var hlaðin upp nýlega ásamt litlu búningsskýli rétt hjá sundlauginni á Laugum, og þar með var endurgerð baðlaug sem getið er um í Laxdælu en fór undir skriðu á 19. öld.

### 3. Namm ... nesti

Á Vesturlandi vantar ekki vinalega staði fyrir nestisstopp. Þeirra á meðal eru trjágarðurinn Tröð á Hellissandi og **Einkunnir**

í Borgarnesi sem beygt er inn í af þjóðvegi 1 gegnt golfskalanum Hamri. Á báðum stöðum er grillaðstaða. Aðeins lengra labb er í Paradísarlaut við fossinn Glanna í Norðurárdal, að henni er göngustígur frá golfskalanum á Miðengjum í grennd við Bifröst.

### 4. Einstök leið

Milli Hellna og Arnarstapa á Snæfellsnesi liggur ekta göngu-leið fyrir fjölskylduna. Þar ber fyrir augu fjölbreytt fuglalíf, kúntuga kletta og gjár. Þegar sjórinn er æstur spýtist hann í gegnum Músagjá og í klettinum Valasnös niðri við ströndina er Baðstofuhellir með ótal litbrigðum sem hin síkvika náttúra myndar. Reikna má með að gangan taki einn og hálfan til tvo tíma.

### 5. Baðströnd

Langisandur er ein af perlum Akraness. Hann er náttúruleg baðströnd með ljósum sandi þar sem ljúft er að sóla sig á góðviðrisdögum. Þar er staður hinna reisulegustu sandkastala sem

### 3. EINKUNNIR Fjölbreyttur fólkvangur við Borgarnes.



MYND/HILMAR MÁR ARASON


verða svo öldum að bráð á næsta flóði. Á Langasandi er sturta með heitu vatni og margir skella sér í sjósund þaðan. Þess má geta að Langisandur hefur hlotið Bláfánann sem er alþjóðleg umhverfisvottun Landverndar.

### 6. Söguslóðir

Við smábátahöfnina í Búðardal stendur Leifsbúð sem hefur

að geyma bæði fróðleik og fæðu því hún er upplýsingamiðstöð og kaffihús. Þar er sýning um landafundi víkinga í Vesturheimi og á líkani af Dölunum sjást helstu sögustaðir Sturlungu og Laxdælu. Myndir frá Eiríksstöðum í Haukadal prýða veggina þar er tilgátubær landkönnuðarins Eiríks rauða og konu hans Þjóðhildar.

### 7



MYND BJÖRN FÁLKI

### 7. Gaman að veiða

Ótal vötn eru á Vesturlandi. Á Þórisstöðum í Svinadal eru seld leyfi í Svinavatni á 1.600 krónur fyrir hálfan dag og 2.500 heilan. Leyfi í Bauluvallavatni og Hraunsfjarðarvatni sem eru á heiðinni milli Vegamóta og Stykkishólms fást í veiðihúsinu við Straumfjarðará, vestan Vegamóta. Þar kostar stöngin 1.000 krónur yfir daginn.



Neytum og njótum

## Sitthvað í boði fyrir sælkerana

### 8. Gæðakaffi á góðum stað

Skemman er nýtt kaffihús sem opnað var á Hvanneyri fyrir síðustu helgi. Það er í elsta húsi Hvanneyrar sem var byggt sem matarskemman og er allt í upprunalegum stíl. Þar ráða húsum þær Stephanie Nindel og Rósa Björk Jónsdóttir og þær leggja upp úr alvöru gæðakaffi og flottum vöfflum.

### 9. Edduveröld

Í kaupfélagshúsinu við Englendingavík í Borgarnesi er veitinga- og kaffihús. Þar er boðið upp á mat sem er unninn frá grunnni á staðnum og leitast við að nýta hráefni úr héraði. Góðafræðisýning er í neðra pakkhúsi og uppi er barnasvæðið Iðavallir og setustofan Himinbjörg.

### 10. Súpa og saga

Kaffi Emil er í Sögumiðstöðinni, Grundargötu 35 á Grundarfirði. Þar er súpa og heimabakað brauð í hádeginu en heimabakaðar kökur, kaffi, kakó og öl allan daginn.



MYND/HELENA GUTTORMSDÓTTIR

## Afgreiðslutími

**Leifsbúð í Búðardal**  
kl. 12-18

**Skemman á Hvanneyri**  
kl. 13-18

**Edduveröld í Borgarnesi**  
kl. 10-23 og lengur um helgar en matur er afgreiddur til kl. 21

**Kaffi Emil í Grundarfirði**  
kl. 9-22  
**Ljómalind í Borgarnesi**  
kl. 11-18



11

## Matvara og handverk



### 11. Markaðir

Ljómalind er markaður á Sólbakka 2 í Borgarnesi. Þar eru matvara úr héraðinu, heklud teppi og annað handverk, krem og smyrsl og blóm á pallinn. Við Akratorg á Akranesi er antik- og matarmarkaður um helgar og í sumar verða þrír sveitamarkaðir í Borgarfirði. Sá fyrsti í dag í Reykholti. Þar er áhersla á rabarbara.



## Ævintýri með Sögu og Jökli



### Fyrir börnin

Stelpan Saga og álfastrákurinn Jökull hafa lent í ýmsum ævintýrum. Hægt er að fara í ratleiki með þeim á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði, í Grundarfirði, á Eiríksstöðum, í Landnámssetrinu í Borgarnesi, Reykholti og víðar. Á vesturland.is er leiknum hlaðið niður í smáforriti fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.



# HÚÐ & HÁR

LAUGARDAGUR 21. JÚNÍ 2014

## Matur fyrir húðina

Leyndarmálið á bak við geislandi húð gæti leynst í eldhússkápunum en ýmsar fæðutegundir hafa jákvæð áhrif á húðina.

**SÍÐA 2**

## Ballerínuhnútur

Lítið mál er að búa til klassískan ballerínuhnútt. YouTube kemur klaufum til bjargar. **SÍÐA 4**

## Kókosolían vinsæl

Tískutímarit fullyrðir að kókosolía sé mesta tískaæðið um þessar mundir.

**SÍÐA 6**



# Hollur og góður matur fyrir húðina

Flestir vilja hafa silkimjúka og geislandi húð. Leyndarmálið að baki því gæti leynst í eldhússkápunum en ýmsar fæðutegundir hafa jákvæð áhrif á húðina. Hér eru nokkrar slíkar matvælategundir sem eru góðar fyrir húðina og ekki skemmir fyrir að mest af þessu er gott fyrir bragðlaukana líka.

## Súkkulaði

Kakó gefur húðinni raka og gerir hana stinna og teygjanlega. Dökkt súkkulaði inniheldur mikið af andoxunarefninu flavonól svo gott er að súkkulaðið sé að minnsta kosti 70% kakó. Nokkur grömm af súkkulaði á dag ættu að gera húðina ljómandi.




## Sólblómafræ

Fræin eru full af E-vítamíni sem heldur húðinni teygjanlegri og verndar efstu lög hennar fyrir sólinni. Sólblómaolíu er gott að bera á húðfleti sem eru gjarnan þurrir, svo sem varir og hæla.


## Hafragrautur

Hafragrautur er vítamínríkur og ekki auðmeltanlegur þannig að blóðsykurinn helst stöðugur í lengri tíma eftir neyslu hans. Sveiflukenndur blóðsykur eykur magn andrógena í líkamanum en andrón er hormón sem eykur hrukku-myndun.



## Granatepli

Granatepli eru full af pólýfenólaxó-unarefnum. Pólýfenól kemur stjórn á blóðflæði húðarinnar og gefur henni rósrauðan blæ. Andoxunarefni í granateplum hjálpa til við að draga úr hrukku og mýkja húðina.



## Valhnetur

Í valhnetum eru mikilvægar ómega-3 fitusýrur sem geta aukið teygjanleika húðarinnar. Hneturnar eru líka hláðnar kopar, steinefni sem eykur kollagen-framleiðslu líkamans.



## Jógúrt

Prótín sem fást úr mjólkurvörum gera húðina stinnari og geta dregið úr hrukku-myndun. Grísk jógúrt á að vera sérstaklega góð í þessum efnum.



## Paprika

„Konur sem borða grænt og gult grænmeti eru gjarnan með færri hrukku, sérstaklega í kringum augun,“ segir Jessica Wu, húðsjúkdómalæknir í Los Angeles. Efni í þess konar grænmeti getur minnkað næmi húðarinnar fyrir sól.



## Nýrnabaunir

Þær eru ríkar af sinki og rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli þess að vera gjarn á að fá bólur og lágs sinkmagns í líkamanum.

**Láttu verðið koma þér á óvart!**

**Lífrænt vottað  
Án parabena**

**Benecos varalitirnir  
innihalda shea butter sem  
mýkir og nærir varirnar**

Vörurnar fást í Lyfju, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Fjarðarkaupum, Garðsápóteki, Systrasamlaginu, Heilsuveri Suðurlandsbraut, Heilsutorgi Blórnava, Snyrtistofunni Rán Ólafsvík, Snyrtistofunni Öldu Egilsstöðum, Snyrtistofu Valgerðar Þórshöfn, 1 dagsins önn Stykkishólmi, [www.tofa.is](http://www.tofa.is) og [www.heimkaup.is](http://www.heimkaup.is).



## Svíða á sér hárið fyrir lokka eins og Gisele

Brasilskar konur láta svíða burt slitna hárenda með logandi kerti, til að líta út eins og Gisele Bündchen. Gisele er í brennidepli í Brasilíu um þessar mundir en hún mun afhenda heimsmeisturunum í fótbolta bikarinn þegar keppninni lýkur í júlí. Gisele skartar þykku, bylgjandi og mjúku hári sem brasilskar konur eru tilbúnar að leggja ýmislegt á sig fyrir eða svo segir á fashionista.com. Þessi sérstaka hárskerðingaraðferð getur tekið tvo til þrjá klukkutíma og eru það helst efnameiri konur og fyrirsætur sem skella sér í logann. (Vart þarf að taka fram að þessa tækni skal ekki reyna upp á eigin spýtur við baðspegilinn heima!) Einnig er vinsælt að í stað þess að láta klippa neðan af öllu hárinu til að snyrta það eru einungis slitnu endarnir klipptir burt með tímafrekri aðferð, hársnyrtirinn rennir fingrum gegnum hvern einasta hárlokk og klippir hvern einasta enda sem stingur sér út. Þannig halda brasilsku tískudrósir síddinni en hárið verður silkimjúkt.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, s. 512 5434, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is)

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



# Varasalvi

## Rich nourishing lip balm

Blue Lagoon varasalvinn er nærandi, mýkir og veitir góða vörn. Hann veitir heilbrigða og fallega áferð. Varasalvinn er án parabena.

[www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is)



### Einstakt samspil náttúru og vísinda

Jarðsjór Bláa Lónsins á uppruna sinn á 2000 metra dýpi og náttúruleg innihaldsefni hans, þörungar, kísill og steinefni eru grunnurinn í Blue Lagoon húðvörum. Húðvörurnar styrkja efsta lag húðarinnar, draga úr niðurbroti á kollageni og örva eigin kollagennýmyndun húðarinnar. Rannsóknir, leiddar af Prof. Jean Krutmann, húðlækni og einum fremsta sérfræðingi heims á sviði rannsókna á öldrun húðarinnar, sýna þetta og á þeim rannsóknum byggir þróun Blue Lagoon húðvörulínunnar gegn öldrun húðarinnar.

*Fegurðin kemur að innan*



# Auðveldur ballerínuhnútur


Allt of margir telja sig vera með tíu þumalfingur þegar kemur að hárgreiðslu. En meira að segja óhandlagnasta fólk getur lært að gera einfaldar greiðslur í hár, til dæmis hinn klassíska ballettnút. YouTube er til að mynda frábær hjálparkokkur allra sem vilja læra að flétta fasta fléttu, setja upp hár, slétta eða krulla.

**B**allettiðkun er nokkuð algeng meðal stúlkna á Íslandi. Íslenskar mæður og feður hafa því þurft að koma sér upp kunnáttu í því að setja ballerínuhnútt í dætur sínar. Sumum vex þetta verkefni í augum en í raun er það sáraeinfalt. Hér eru nokkrir punktar um hvernig best er að bera sig að.

## Hafið við höndina

Bursta, tvær teygjur, hársþennur, hárkleinuhring, hársprey og jafnvel hárfroðu.


1. Setjið hárið í hátt tagl. (Einnig er hægt að hafa hnúttinn í hnakkanum og er þá taglið sett þar). Passið að allt hárið sé í taglinu og að það sé allt slétt og fínt. Þessu má ná með því að renna yfir hárið með greiðu og setja jafnvel hárfroðu í það til að stuttu hárin standi ekki út í loftið.
2. Setjið taglið í gegnum kleinuhringinn (slíka hringi má fá víða og í ýmsum stærðum).
3. Lyftið taglinu hátt upp og skiptið í tvo jafna hluta, efri og neðri.
4. Dreifið nú hárinu jafnt yfir kleinuhringinn.
5. Takið lausu hárin og vefjið þeim réttisælís utan um taglið undir kleinuhringnum.
6. Gott er að setja stóra teygju utan um hnúttinn einu sinni til að halda öllu í horfinu.
7. Festið með spennum á nokkrum stöðum.
8. Nú má spreya hárspreyi yfir til að ekkert fari úr skorðum.
9. Hnúturinn er fallegur einn og sér en einnig eru til fallegar teygjur og borðar sem binda má utan um hnúttinn.



Kim Kardashian skartar oft klassískum ballerínuhnútt í svörtu hárinu.



Kate Bosworth með fallegan háan hnút.



Leikkonan Emmy Rossum með klassískan hnút.



Hnúturinn fer Reese Witherspoon mjög vel.

# NÝTT frá Olay Regenerist

## 3 POINT SUPER CLEANSING SYSTEM

### 4x árangursríkari húðhreinsun en með hefðbundnum andlitshreinsi.

Breyttu umhirðu þinnar húðar á byltingarkenndan hátt!

FROM THE WORLD'S **No.1** FACIAL SKIN CARE BRAND

**OLAY** REGENERIST

www.medico.is



Kleópatra VII Filópator, drottning og faraó Egyptalands hins forna, var annáluð fyrir glæsileika. Kleópatra fæddist í janúar árið 69 fyrir Krist og dó 12. ágúst árið 30 fyrir Krist.

## Húðgaldur fornra gyðja

Reglulega berast fegrunarráð frá nafntoguðum fegurðardísnum nútímans en frægar gyðjur menningarþjóðfélaga fornaldar kunnu einnig að dekra við sig og segja elli kerlingu stríð á hendur.

- Eitt fyrsta fegrunarráð sögunnar kemur frá Kleópötru, drottningu Egyptalands. Hún laugaði andlit sitt með blöndu eplaediks og vatns til að vinna á óhreinindum og bakteríum og notaði þess á milli mjólk og hunang til að gera húðina fegurri. Prófið að blanda saman teskeið af ediki á mótí tveimur bollum af vatni.
- Kleópatra var einnig meðvitund um góð áhrif vínberja á ótímabæra öldrun húðar. Hún kramdi vínber, blandaði þeim saman við hunang og makaði á andlit sitt til yngingar. Merjið tíu græn vínber og blandið saman við matskeið af hunangi. Makið á andlit og látið vera í tíu mínútur. Hreinsið svo af með volgu vatni.
- María Stúart Skotadrottning fór iðulega í uppbyggjandi rauðvinsbað til að halda húðinni ungri og ferskri. Prófið að hella einu rauðvinsglasi út í baðvatnið til að mýkja húðina.
- Elísabet fyrsta Englandsdrottning var heilluð af eggjamaska sem er góður til að styrkja hörundið og draga úr roða, þrota og bólum. Aðskiljið egg og makið eggjahvítu á andlitið. Látið vera í tíu mínútur og hreinsið þá af með volgu vatni.
- Ástargyðjan Afródíta hélt húð sinni fegurri með þangi og þara, bæði til átu og sem líkamsmeðferð. Nota má þang og þara út í salöt og súpur eða baða sig í því til að gera húðina stinna.
- María Antonía Frakklandsdrottning hélt sér unglegri með kryddjurtabaði sem samanstóð af blóðbergi, kryddmæru, lárviði og salti. Sjóðið í dálitlu vatni 2 matskeiðar blóðbergs, 1 teskeið kryddmæru, 3 lárviðarblöð og skvettu af salti og setjið út í baðvatnið.
- Konur til forna drógu menn á talar með ilmjurum og var kanill í sérstöku dálæti sem þær settu í rúmföt fyrir rómantískar nætur.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## JÓNSMESSA Á HOFÓSÍ

Hin árlega Jónsmessuhátíð á Hofsósi verður haldin um helgina. Þetta er fjölskylduhátíð sem hefur verið vel sótt á undanförunum árum. Skemmtidagskrá verður í boði, sýningar, gönguferðir, böll, grillveisla, kjötsúpuveisla og vöfflukaffi svo eitthvað sé nefnt.

Eiturefnalaus sólarvörn

Bara það besta fyrir fjölskylduna þína!

Derma SOLSPRAY 150ml SPF 30 KIDS

Ótsölustaðir: Litlandi markaður, Heilsuver / Lyfjaver og Lyfjaval.

## VEITIR LAUSN VEGNA ÓÞÆGINDA VIÐ ÞVAGLÁT

**ICECARE KYNNIR** Brizo er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið,“ segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa einn mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru þau að það virtist vera minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina.

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með árangurinn og það hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf.“

### HVERNIG Á AÐ NOTA BRIZO?

Það á að taka Brizo™ inn tvisvar á dag, eitt hylki á morgnana og eitt á kvöldin. Takið hylkin inn með vatni. Taka má Brizo™ með mat eða á fastandi maga. Það er mikilvægt að taka inn ráðlagðan dagskammt til að það beri tilætlaðan árangur.

### AF HVERJU STÆKKAR BLÖÐRUHÁLSKIRTILLINN?

Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnnið í líkamanum. Testósteróngildið minnkar en estró-gengildið stendur í stað. Þessar hlutfallsbreytingar geta verið orsök þess að blöðruhálskirtillinn stækkar.

Það er hins vegar ekki vitað hver hin raunverulega ástæða er fyrir því að blöðruhálskirtillinn stækkar, því er erfitt að koma í veg fyrir það. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að blöðruhálskirtlinum.

Blöðruhálskirtillinn umlykur þvagrásina rétt neðan við þvagblöðruna. Flest einkenni fela í sér erfiðleika við þvaglát sem er kallað einkenni frá neðri þvagfærum.

### Algengustu einkennin eru:

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Ef þetta er ekki meðhöndlað getur blöðruhálskirtillinn stækkað og þrengt alveg að þvagrásinni. Það getur leitt af sér önnur þvagvandamál sem geta valdið skemmdum á nýrum.

### HVERNIG GETUR BRIZO HJÁLPAÐ?

Brizo™ er sojaþykni sem getur umbylt lífsgæðum karlmannna. Brizo™ er framleitt á einstakan hátt með gerjunaraðferð sem eykur aðgengi að gagnlega virka efnum sem er í sojabauuninni. Með því að veita skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát, veitir Brizo™ aukna veliðan yfir daginn og þá sérstaklega á nóttunni.

### ÁRANGUR AF BRIZO?

Tilætluð áhrif af Brizo™ geta komið í ljós á innan við mánuði eftir að inntaka er hafin. Brizo™ umbyltir heilbrigði blöðruhálskirtilsins hjá karlmönnum með því að draga bæði úr tíðum þvagláti og næturþvagláti.



**NÁTTÚRULEG LAUSN**  
Skúli Sigurðarson segir að hann hafi fljótt fundið mun eftir að hann byrjaði að taka inn Brizo. MYND/GVA



**SÖLUSTADIR**  
Fæst í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. IceCare með [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

## Opnað fyrir umsóknir í Myndlistarsjóð 22. júní

### Myndlistarsjóður

<b>Veittir verða</b>	<b>Umsóknarfrestur er 11. ágúst 2014</b>
❖ Undirbúningsstyrkir og styrkir til minni sýningar verkefna allt að 500.000	Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu myndlistarráðs <a href="http://www.myndlistarsjodur.is">www.myndlistarsjodur.is</a>
❖ Styrkir til stærri sýningarverkefna, útgáfu/rannsóknarstyrkir og aðrir styrkir allt að 2.000.000	Úthlutað verður í september

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFTI



**NING'S**

SUMARTILBOÐ

Veitingastaðir okkar eru opnir alla daga frá 11:30 - 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhófi

[www.nings.is](http://www.nings.is) | sími: 5889899

Djúpsteiktar rækjur

Eggjanúðlur

Svinakjöt „appelsínu“

Kjúklingur „Kung Pao“

1995 á mann verð fyrir tvo 3990 gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri Yasmin hrísgrjón, Soyasósa

2L af Gosi 299 kr. með öllum tilboðum.



# PÖNNUKÖKUR Í MORGUNMAT

**HELGARNEYSLAN** Ragnar Freyr Ingvarsson, eða Læknirinn í eldhúsinu eins og hann er betur þekktur, ætlar að halda upp á Jónsmessuna um helgina enda búsettur í Svíþjóð þar sem „midsommar“-hátíðin er næstum stærri en jólin.

Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, hefur búið ásamt fjölskyldu sinni í Lundi í Svíþjóð í sex ár. „Síðan við fluttum til Svíþjóðar höfum við haldið upp á Jónsmessuna, „midsommar“, eftir kúnstarinnar reglum. Þetta er ein mikilvægasta hátíðin hérna í Svíþjóð, nánast mikilvægari en sjálf jólin.“ Ragnar Freyr heldur úti hinu vinsæla bloggi Læknirinn í eldhúsinu og gaf út samnefnda bók fyrir síðustu jól. Næsta bók er í vinnslu en matreiðsla er aðaláhugamál læknisins. Um helgina ætlar Ragnar að kveikja upp í grillinu og bjóða fjölskyldunni upp á ljúffenga steik.

**Hvað gerið þið til að fagna Jónsmessunni?**  
Við nágrannarnir hittumst upp úr hádeginu og gerum okkur glaðan dag



an. Þetta er samskotaveisla þar sem lagt er saman í púkk það sem verður á hlaðborðinu. Rík hefi er fyrir því að hafa margar tegundir af sild, böku með Väst-erbotten-osti, heitreyktan lax, nýjar kartöflur með dilli, egg og svo auðvitað tertu með nýjum sænskum jarðarberjum.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?**  
Ég held að egg Benedict séu án efa einn af mínum uppáhaldsmorgunverðum og finnst ansi hátíðlegt þegar ég bretti upp ermarnar og skelli í skonsur, hleypi egg og útbý hollandise-sósu – allt fyrir hádegi.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?**  
Í mörg ár hef ég verið vakinn um helgar með ósk um að baka nokkrar pönnukökur. Það fer yfirleitt svo að ég geri það enda er fátt ljúffengara. Mér finnst líka ljómandi gott að blanda ávöxtum saman við deigið. Að hræra röspuðum eplum eða perum saman við deigið er alveg ljúffengt. Svo er líka rosalega gott að setja bláber í pönnukökurnar og jafnvel hnetur. Svo er

auðvitað „möst“ að hafa með þessu ekta hlynsíróp. Og auðvitað beikon!

**Sefur þú út um helgar?**  
Það gerist nú sjaldan að ég fái að sofa fram eftir. Þriggja barna faðir fær nú ekki mikinn frið á morgnana og sú yngsta tekur engum rökum hvað þetta snertir. Hún sprettur upp snemma á morgnana, oftast hlæjandi, og vill fá að borða.

**Vakir þú fram eftir?**  
Það kemur fyrir, mér þykir notalegt að horfa á bíómyndir einn, þegar allir hafa sofnað. Lélegar spennumyndir sem eiginkona mín myndi aldrei nenna að horfa á.

**Þegar þú ert næturhrafn, færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?**  
Það kemur fyrir að ég poppi en annars læt ég það vera að fá mér eitthvað í gogginn á kvöldin. Enda oftast saddur eftir kvöldmatinn.

**Ertu með nammidag?**  
Á laugardögum er ég með nammidag. En ég er ekki mikið fyrir sætindi, þannig að það er frekar að ég sleppi mér algerlega í matargerðinni.



**LÆKNIR Í ELDHÚSI** Ragnar verður á fullu að elda um helgina en hann og fjölskylda hans halda Jónsmessuna hátíðlega með nágrönnum sínum í Lundi í Svíþjóð. Hlaðborðið mun svigna undan gómsætum krásum.

**Hvað er með sunnudagskaffinu?**  
Þar sem við erum dugleg að baka pönnukökur á sunnudagsmorgnum höfum við verið heldur löt

við að baka eitthvað með kaffinu. Það kemur þó fyrir að elsta dóttir mín, Valdís Eik, nenni að gera skúffuköku, gulrótarkökur eða möffins.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512 5447

## FARA BAKTERÍUR MEÐ Í FRÍÐ ÞITT?

**RARITET KYNNIR** Taktu verndandi bakteríur fyrir meltinguna með í fríð og njóttu þess að borða allt sem þig lystir. Bakteríuflóran „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotic verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið.

Hætta á meltingarvandamálum eykst þegar ferðast er til útlanda; ekki síst matareitrun. Magakveisur og kvef eru algengasta ástæða veikinda í fríum því þá snæða ferðalangar öðruvísi mat og framandi fæði sem þeir þola verr í maga. Á sama tíma eykst hættan á bakteríusýkingum úr umhverfinu vegna allra hinna ferðamannanna. Með því að taka inn góða meltingargerla styrkst meltingarflóran og ónæmiskerfi líkamans og þar með varnir líkamans gegn óæskilegum bakteríum sem valdið geta meltingarvanda.



**BYLTINGARKENND LAUSN FYRIR MELTINGUNA**  
Það er öllum hvítleitt að glíma við meltingartruflanir í sumarfríi á erlendri grundu og slíkt getur hæglega eyðilagt fríið. Helmingur þeirra sem ferðast til útlanda finnur fyrir óþægindum í maga og þá sérstaklega þegar ferðast er til framandi landa. Með því að taka inn vinveitta meltingargerla er unnt að minnka verulega hættu á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægðatregðu og matareitrun.

**SÉRSNIÐIN LAUSN FYRIR UTANLANDSFERÐINA**  
„For travelling abroad“ er tvívirkt bakteríuformúla til að taka með í fríð. Hún inniheldur hátt hlutfall góðra baktería, svo sem lactobacillus og bifidobacterium, sem eru verndandi fyrir meltingu og þarmaflóru og minnka hættu á að óvinveittir gerlar setjist að



**Fæst með 20 prósentu afslætti út júní**

**VELLIÐAN Í MAGA**  
Ferðalög geta tekið sinn toll og því mikilvægt að undirbúa meltingarvegaflóruna vel áður en haldið er utan í sumarfrí.

í meltingarvegi. Auk þess inniheldur hún saccharomyces boulardii sem losar þarmaflóruna við óæskilegar bakteríur og dregur verulega úr líkum á magakveisum og niðurgangi. „For travelling abroad“ er frábær vörn fyrir alla fjölskylduna.

**HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?**  
**Optibac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum:**  
Lifandi markaður  
Lyf og heilsa  
Apótekarinn  
Lyfsalinn  
Lyfjaver  
Heilsuver  
Lyfjaval  
Reykjavíkrapótek  
Apótek Vesturlands  
Apótek Suðurnesja  
Árbæjarapótek  
Apótek Garðabæjar  
Apótek Hafnarfjarðar  
Urðarapótek  
Ríma Apótek  
Akureyrarapótek  
Garðs Apótek  
Apótek Ólafsvíkur  
Heilsutorgið í Blómaval  
**Athugið að úrval getur verið mismunandi eftir útsölustöðum.**

## Alvöru te í bollann þinn

**teapigs.** s:557-1771 **gourma.is**



Felið öldrunarmerki og lýti  
á augabragði. Sjáið muninn!

NÝJUNG

Slétt  
húð

Fínar  
línur

Hrukkur

Svita-  
holur

ÁN

Optical Blur 5 sek.

MEÐ

Optical Blur 5 sek.

KOMIÐ AFTUR

Optical Blur 5 sek.

PRIMER MEÐ LJÓSBROTSÖGNUM SEM HAFA  
SÝNILEGA FEGRANDI OG SLÉTTANDI EIGINLEIKA  
**FEGRANDI ÁHRIF Á AUGABRAGÐI:**

- Hrukkur virðast dofna um 38%\*
- Fínar línur virðast dofna um 41%\*
- Svitaholur í kinnum virðast dofna um 38%\*
- Húðin virkar með meiri ljóma: + 41%\*
- Gerir ójöfnur í húðlitnum minna áberandi og jafnari: + 26%\*

\*Rannsóknir húðsérfræðinga, 42 konur

BERIÐ Á HÚÐINA  
Á EFTIR RAKAKREMINU

Take care.  
**GARNIER**  
f /garniericeland



Afleysingamenn leigubílstjóra  
**Námskeið**

Með vísun til laga nr. 134/2002 um leigubifreiðar, gengst Samgöngustofa fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd dagana 24., 25. og 26. júní n.k.

Næsta námskeið eftir það verður síðan haldið í september n.k.



Flott föt fyrir flottar konur  
*stærðir 38-58*



Verslunin Belladonna

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)

# SPENNUTRYLLIR SUMARSINS

**FORLAGIÐ KYNNIR** Jón Geir Jóhannsson, trommari Skálmaldar, er mikill bókanjörður og næstum alæta á bækur en yfirleitt eru það vísindaskáldsögur og myndasöguþögn sem heilla – enda er hann ekki að vinna í Nexus fyrir ekki neitt. Að þessu sinni greip Jón Geir í glænýja spennubók.

**B**ókin sem ég er að lesa er Piparkökuhúsið eftir sænska rithöfundinn Carin Gerhardsen,“ segir Jón Geir, sem fékk bókina lánaða hjá vini sínum sem fannst titillinn eitthvað svo súr og áhugaverður, svona um hásumarið.

„Í stuttu máli sagt er þetta alveg hrikalega spennandi bók með góðri slettu af hryllingi. Innblástur höfundar er að einhverju leyti eigin reynsla úr barnæsku en þarna eru virkilega áhugaverðar þælingar um hvernig glæpamaður verður til. Allar manneskjur eru jú góðar þegar þær fæðast, en svo gerist eitthvað á lífsleiðinni sem veldur því að fólk „snappar“ bara. Það sem er eiginlega mest krípí er að þetta gæti allt eins verið fólkið í næsta húsi,“ segir Jón Geir sem er heillaður af Piparkökuhúsinu: „Bókin er spennutryllir sumarsins!“



**KRÍPÍ LESNING** Jón Geir, trommari í Skálmöld, getur ekki sleppt takinu af spennutrylli sumarsins enda er hann hrikalega spennandi. MYND/ARNÞÓR

## TORTILLA MEÐ NAUTAKJÖTI OG SVÍNALUND Á GRILLIÐ

Nú stendur grilltíminn sem hæst og þá er gott að fá hugmyndir um eitthvað sniðugt á grillið. Hér eru uppskriftir að mexíkóskum tortilla-kökum með nautakjöti og svínalund fylltri með gráðosti. Ljúffengir og einfaldir réttir á góðum sumardeg.

### TORTILLA MEÐ NAUTAKJÖTI, GRÁÐOSTI OG MANGÓSALSA

#### FYRIR FJÓRA

4 tortillur  
250 g nautasteik, skorin í strimla  
80 g gráðostur  
2 msk. olía  
salt og pipar



**GRILLUÐ TORTILLA** Það er ýmislegt hægt að setja ofan á grillaða tortillu, til dæmis gott nautakjöt.

### SVÍNALUND MEÐ GRÁÐOSTA- OG PISTASIÚSMJÖRI

#### FYRIR FJÓRA

Góður kvöldmatur fyrir fjölskylduna eða gesti á góðviðrisdegi. Mangósalsa úr uppskriftinni hér að ofan passar einnig með þessum rétti.

700 g svínalund  
6 sneiðar parmaskinka  
100 g gráðostur  
50 g smjör, mjúkt  
3 msk. pistasiuhnetur

Blandið saman osti, smjöri og smátt söxuðum pistasiuhnetum. Setjið bökunarpappír eða plastfilmu utan um smjörið, rúllið upp og geymið í ísskáp.

Hreinsið himnuna af lundinni með beittum hníf. Skerið vasa í kjötið og fyllið með smjörkryddinu. Klemmið kjötið aftur saman og kryddið með salti og pipar. Vefjið skinkusneiðum utan um kjötið og vefjið bandi yfir svo að allt haldist fast.

Penslið lundina með olíu og leggið á heitt grill í um það bil 15 mínútur. Snúið kjötinu nokkrum sinnum meðan á eldun stendur. Slökkvið á grillinu og látið kjötið hvíla á því í 10–15 mínútur. Berið fram með góðu, grilluðu grænmeti eða fersku salati og afganginum af smjörkryddinu.

### MANGÓSALSA



1 þroskað mangó  
2 rauðar paprikur, grillaðar  
½ lárpera  
2 msk. smátt skorið, ferskt kóriander  
safí úr einni límónu  
2 msk. olía  
salt og nýmalaður pipar

Skerið mangó, lárperu og papriku í litla bita. Blandið olíu saman við ásamt kóriander, salti, pipar og límónusafa. Gott er að hafa rauðlauk og chili-pipar að auki en það þarf ekki. Berið olíu á kjötið og bragðbætið með salti og pipar. Grillið kjötsneiðarnar og tortillurnar. Setjið kjöt, salsa og smávegis gráðost yfir og rúllið kökunum upp. Vel má bæta salatblöðum saman við.

Það má líka nota kjúkling í stað nautakjöts. Einnig má nota brie eða camembert í stað gráðosts, allt eftir smekk hvers og eins.

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25–54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjolpostur@frettabladid.is](mailto:fjolpostur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Þentimálaginn Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25–54 ára





## Sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit

Hvalfjarðarsveit er öflugt sveitarfélag með ríflega 600 íbúa. Náttúrufegurð er viðá allmikil og möguleikar óþrjótandi til að njóta fráberrar útiveru. Hvalfjarðarsveit er dreifbýlt sveitarfélag með litlum íbúakjörnum. Þar eru næg og fjölbreytt atvinnutækifæri, öflugur landbúnaður og vaxandi ferðaþjónusta.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga með fjölmörgum iðnfyrirtækjum. Í sveitarfélaginu er rekið metnaðarfullt skólastarf í sameinuðum leik- og grunnskóla. Hvalfjarðarsveit er í nálægð við þéttbýli og í góðu samstarfi við nágrannasveitarfélög.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is).

Nánari upplýsingar um starfið veita Gauja Hálfðanardóttir ([gauja@intellecta.is](mailto:gauja@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Laus er til umsóknar staða sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit. Leitað er að öflugum sveitarstjóra til að leiða og stýra starfsemi sveitarfélagsins.

### Starfssvið

- Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi sveitarfélagsins og sér um framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur
- Sveitarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda, situr fundi sveitarstjórnar og annarra nefnda eftir atvikum
- Sveitarstjóri er yfirmaður allra starfsmanna sveitarfélagsins
- Sveitarstjóri gætir hagsmuna sveitarfélagsins og annast samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af sveitarstjórnarmálum er kostur
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og framtíðarsýn
- Áhugi og metnaður fyrir starfinu og uppbyggingu sveitarfélagsins
- Metnaður fyrir mótun og uppbyggingu öflugs samfélags í samstarfi við íbúa og sveitarstjórn

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

## Stöðvarvörður í Fljótsdalsstöð

Landsvirkjun leitar að stöðvarverði í Fljótsdalsstöð. Starfið felur í sér eftirlit, viðhald og rekstur Fljótsdalsstöðvar og tengdra eigna.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Við leitum að rafvirkja eða vélfræðingi með iðn-, iðnfræði- eða tæknifræðimenntun.
- Þekking á viðhaldi búnaðar: loft-, kæli-, vökva- og rafkerfum.
- Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggis-stjórnunar.
- Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og færni til að ná tökum á starfi og starfsumhverfi.

Sótt er um starfið á vef Capacent til og með 29. júní. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent; [audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar; [brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is](mailto:brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is).



Landsvirkjun





# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

## TÆKJASTJÓRNENDUR - NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur með meirapróf til starfa við framkvæmdir í Noregi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á [www.istak.is](http://www.istak.is) – undir „Starfsumsókn“.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

## Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða þroskaþjálfara frá 1. ágúst nk.

Grunnskólinn í Hveragerði er vel staðsettur í grónu og glæsilegu bæjarfélagi. Einkunnarorð skólans eru: víska, virðing og vinátta og við leggjum metnað í að áhrif þeirra séu augljós í daglegu starfi. Skólinn flaggar Grænfánanum og er að stíga sín fyrstu skref sem þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi grunnskólar.

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí nk.**

Upplýsingar um störfina veitir Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri, í gegnum [fanney@hveragerdi.is](mailto:fanney@hveragerdi.is) og í síma 660-3912.

**Skólastjóri**

Capacent Ráðningar

# SVEITARSTJÓRI

Eyjafjarðarsveit varð til þann 1. janúar 1991, við sameiningu hreppanna Þriggja sunnan Akureyrar, Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps. Félagsstarf, listir og menning er öflugt og setur mark sitt á allt mannlíf í Eyjafjarðarsveit. Íbúar sveitarfélagsins eru 1019. Nánari upplýsingar má sjá á vef sveitarfélagsins [www.esveit.is](http://www.esveit.is)

**Eyjafjarðarsveit auglýsir eftir öflugum aðila í starf sveitarstjóra.**

**Starfssvið:**

- Yfirumsjón með rekstri sveitarfélagsins
- Vinna við framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn
- Sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, reglugerðum og samþykktum
- Yfirumsjón starfsmannamála hjá sveitarfélaginu
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Jákvæðni, drift og geta til ákvarðanatöku

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRFESTINGUM

Framtakssjóður Íslands var stofnaður í desember 2009 af sextán lífeyrissjóðum víðsvegar um landið sem ráða yfir um 64% af heildareignum lífeyrissjóða á Íslandi. Einnig eru í hópi eigenda Landsbankinn og VÍS. Markmið lífeyrissjóðanna er að ná vænlegri arðsemi á fjáframlög sjóðanna.

**Framtakssjóður Íslands leitar að öflugum einstaklingi með reynslu af fjárfestingum, starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins. Viðkomandi þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu á íslensku og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.**

**Starfssvið:**

- Mat á fjárfestingakostum
- Greiningar og skýrslugerð
- Seta í stjórnnum félaga í eigu sjóðsins
- Verkefnastjórnun og samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskipta, hag- eða verkfræði, framhaldsmenntun nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla og þekking á íslensku sem og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð greiningarhæfni

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000



## VÍKINGUR STARFSFÓLK ÓSKAST

Víkingbátar ehf er ört vaxandi fyrirtæki sem framleiðir fiskibáta úr trefjaplasti af gerðinni Víkingur og Sómi. Víkingbátar er staðsett að Kistumel 20, 116 Reykjavík og hjá félaginu starfa reynslumiklir bátasmiðir og iðnaðarmenn við framleiðslu og frágang báta. Vegna vaxandi verkefna leita Víkingbátar ehf eftir öflugum liðsmönnum í framleiðsludeild félagsins

### Helstu verkefni

- Vinna við trefjaplast
- Samsetning báta
- Vinna við innréttingar og frágang
- Handverksvinna

### Hæfniskröfur

- Lönnmenntun kostur
- Vandvirkni og vinnusemi
- Reglusemi og heilsuhraustur
- Reynsla af trefjaplastvinnu og bátum kostur

Umsókn og ferilskrá sendist á [julius@vikingbatar.is](mailto:julius@vikingbatar.is) eða [aevan@vikingbatar.is](mailto:aevan@vikingbatar.is)


Umsóknarfrestur er 04.07.2014

# Skapandi og frjóir kennarar óskast

Margmiðlunarskólinn leitar að kennara með sérhæfingu í forritun og eftirvinnslu og kennara með sérhæfingu í Animation.

Óskað er eftir kennurum með kennsluréttindi og kennslureynslu.

Umsækjendur skulu senda ítarlega ferilskrá (portfolio) með umsókn.



Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ. **Umsóknarfrestur er til 28. júní.** Umsóknir sendast á [bg@tskoli.is](mailto:bg@tskoli.is). Nánari upplýsingar veitir Áslaug Maack, skólastjóri, í síma 514 9601 og í tölvupósti, [amp@tskoli.is](mailto:amp@tskoli.is).

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

### Capacent Ráðningar

## KREFJANDI STÖRF



**Fjármála- og efnahagsráðuneytið er miðstöð nýsköpunar í ríkisrekstri og ber ábyrgð á stefnumörkun í mannauðsmálum ríkisins. Ráðuneytið auglýsir þrjú laus störf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

### LÖGFRÆÐINGUR Í KJARA- OG VINNURÉTTARMÁLUM

Óskað er eftir að ráða í starf lögfræðings í kjara- og vinnuréttarmálum. Helstu verkefni lögfræðingsins eru þátttaka í mótun og eftirfylgni á stefnu ríkisins í launa- og starfsmannamálum, túlkun laga og reglugerða sem og gerð og framkvæmd kjarasamninga. Hann veitir ráðgjöf og þjónustu við ráðherra, ráðuneyti og stofnanir í málum er snerta starfskjör og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Hann situr jafnframt sem fulltrúi ráðuneytisins í stjórnnum og nefndum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði er skilyrði
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Þekking og reynsla á sviði vinnuréttar og kjaramála er kostur
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Gott vald á ensku í ræðu og riti er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileikar til að vinna í teymum
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun

### RITARI

Óskað er eftir að ráða í starf ritara á eina af skrifstofum ráðuneytisins. Helstu verkefni eru að halda utan um dagleg störf á skrifstofunni, skjölun gagna, rit- og textavinnsla, fundaboðanir, undirbúningur funda auk annarra skrifstofustarfa sem honum eru falin. Viðkomandi ber að stórum hluta til ábyrgð á símsvörun og móttöku erinda sem berast.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentsþróf eða sérhæft skrifstofunám er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, þjónustulipurð og skipulagshæfileikar

### SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM

Óskað er eftir að ráða í starf sérfræðings í mannauðsmálum. Starfið felur m.a. í sér mótun og eftirfylgni á mannauðsstefnu ríkisins, þátttöku í útfærslu einstakra þátta mannauðsstefnunnar í tengslum við gerð og framkvæmd kjarasamninga, sem og túlkun laga og reglugerða á sviði starfsmannamála. Hann situr jafnframt sem fulltrúi ráðuneytisins í stjórnnum og nefndum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði. Meistaragráða í mannauðsstjórnun eða sambærilegt nám er æskileg
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningu og túlkun kjarasamninga er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileikar til að vinna í teymum
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun
- Góð almenn tölvufærni. Þekking á Oracle mannauðskerfinu er kostur

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnaráðsins og Félags starfsmanna Stjórnarráðsins. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störf. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.





## VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR SUÐURLAND

Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða verkfræðing / tæknifræðing í starf deildarstjóra í framleiðsludeild.

Meðal verkefna eru umsjón með vöruskrá, framlegðar-, verð- og bónusútreikningar, áætlanagerð, úrvinnsla framleiðsluupplýsinga, endurskoðun verkferla og þátttaka í stjórnun og stefnumótun innan framleiðsludeilda. Óskað er menntunar á sviði verkfræði eða tæknifræði. Reynsla úr matvælaíðnaði er æskileg en ekki nauðsynleg. Starfsaðstaða er á Hvolsvelli en starfinu fylgja bifreiðahlunnindi og því er búseta annars staðar á Suðurlandi vel möguleg.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri s. 488 8200, netfang: guðmundur@ss.is.

Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu félagsins; [www.ss.is](http://www.ss.is) undir „sækja um starf“.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

Sláturfélag Suðurlands er 107 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðenda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar eru, auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Sláturhús rekur félagið á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, [www.ss.is](http://www.ss.is).



## Sölufulltrúi

**Miklir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk**

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúum í fullt starf. Um er að ræða sölu- og kynninga starf fyrir fjöldan allan af ýmis konar ritum sem fyrirtækið gefur út, **sjá heimasíðuna [www.sagaz.is](http://www.sagaz.is)**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Athugið tekjur eru árangurstengdar en tekjumöguleikar miklir!

Umsóknir skulu sendar á netfangið: **[umsokn@sagaz.is](mailto:umsokn@sagaz.is)** fyrir 27. júní nk.



## Uppsveitir Árnessýslu og Flói óska eftir félagsráðgjafa til starfa

Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá sveitarfélögum í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Um er að ræða 100% stöðu. Starfsstöð félagsráðgjafa er á heilsugæslunni í Laugarási. Samstarf er á milli sjö sveitarfélaga í Árnessýslu á sviði skóla- og velferðar þjónustu. Einn forstöðumaður er yfir svæðinu og er sameiginleg skólalþjónusta- og velferðarnefnd. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með faglegu starfi og ráðgjöf. Sveitarfélögin bjóða upp á fjölbreytt verkefni á sviði skóla- og velferðarmála, svigrúm til nýrra verkefna og vinnubragða.

### Helstu verkefni

- Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð
- Barnavernd,
- Málefni fatlaðra,
- Málefni aldraðra,
- Önnur verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.


### Hæfniskröfur:

- Félagsráðgjafamenntun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á netfangið **[maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)** fyrir 9. júlí 2014.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



## Herbergisþerna

Hótel Klettur er glæsilegt hótél aðeins steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur. Okkur vantar þjónustulundað starfsfólk í hópinn.

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að aðstoða í morgun-verðarsal, þarf að hafa kennitölu og leyfi til að starfa á Íslandi. Um vaktavinnu er að ræða og því þarf viðkomandi að geta unnið um helgar og á frídögum þegar þess þarf.

### Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott skipulag og stundvísi.
- Rík þjónustulund.
- Enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 25. júní 2014 og skulu umsóknir berast á netfangið **[sigurdur@hotelklettur.is](mailto:sigurdur@hotelklettur.is)**



Mjöllnisholt 12-14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600  
E-mail: [info@hotelklettur.is](mailto:info@hotelklettur.is) / [www.hotelklettur.is](http://www.hotelklettur.is)

# LEX LEITAR AÐ LÖGMÖNNUM

**LEX lögmannsstofa hefur hug á að bæta tveimur lögmönnum í öflugan hóp félagsins á eftirtöldum sviðum:**

### Eignarréttur, stjórnsýsluréttur og rekstur dómsmála

Lögmaður með embættis- eða meistara-próf í lögum og lögmannsréttindi, starfsreynslu á sviði eignarréttar og stjórnsýsluréttar auk haldgóðrar reynslu af rekstri dómsmála.

### Samkeppnisréttur

Lögmaður með embættis- eða meistara-próf í lögum. Lögmannsréttindi eru æskileg ásamt starfsreynslu og/eða framhaldsnámi á sviði samkeppnisréttar.

Umsóknarfrestur er til **29. júní 2014** og skulu umsóknir sendar á **[umsokn@lex.is](mailto:umsokn@lex.is)**

**LEX**

LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Fax 590 2606

Hafnarstræti 94  
600 Akureyri  
Fax 590 2680

Sími 590 2600  
[lex@lex.is](mailto:lex@lex.is)  
[www.lex.is](http://www.lex.is)

LEX er ein stærsta lögmannsstofa landsins með yfir 40 lögmenn innan sinna raða og sinnir verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.





Reykjavíkurborg

## Sviðsstjóri Velferðarsviðs

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra Velferðarsviðs.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu og eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum. Ennfremur mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Á Velferðarsviði starfa rúmlega 2.000 starfsmenn á um 100 starfseiningum sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn. Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins árið 2014 um 23 milljarðar króna. Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Horft er til aukinnar áherslu í hverfisbundinni þjónustu sem gæti haft áhrif á skipulag Velferðarsviðs. Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

### Helstu verkefni:

- Dagleg yfirstjórn og samþæfing þjónustu og starfskrafta Velferðarsviðs.
- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs.
- Undirbúningur mála fyrir velferðarráð og ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Stefnumótun í velferðarmálum í samvinnu við velferðarráð.
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða í velferðarþjónustu, ásamt mati á árangri og eftirliti.
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun ásamt annarri áætlanagerð fyrir Velferðarsvið.
- Ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Samráð við félagasamtök og aðra hagsmunaaðila um velferðarmál.
- Samstarf við opinbera aðila í velferðarmálum innanlands og utan.
- Sviðsstjóri velferðarmála tilheyrir yfirstjórn borgarinnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og meistaraþróf sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar.
- Þekking og reynsla af rekstri, þjónustustarfsemi og opinberri stjórnarsýslu.
- Víðtæk þekking og reynsla af velferðarmálum.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku, kunnáttu í norrænu máli er kostur.

### Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, í síma 411-1111 eða [ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is](mailto:ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# Kraftur og kappsemi

## SAMSKIP ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA STARFSFÓLK Í INNFLUTNINGSDEILD

### Viðskiptastjóri

#### Starfssvið

- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Þátttaka í og eftirfylgni með markaðs- og söluáætlunum
- Ábyrgð á tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi
- Marktæk reynsla af markaðs- og sölustörfum
- Marktæk reynsla af B2B og erlendum samskiptum æskileg
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð kunnáttu í ensku, töluðu og rituðu máli

#### Eiginleikar

- Góð greiningarhæfni
- Mikil kappsemi og metnaður
- Rík þjónustulund
- Afburða samskiptahæfileikar og útsjónarsemi

### Söluráðgjafi

#### Starfssvið

- Sala og kynning á þjónustu innflutningsdeildar
- Þátttaka í og eftirfylgni með markaðs- og söluáætlunum
- Þátttaka í tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi æskileg
- Reynsla af sölustarfi æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnáttu er skilyrði
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

#### Eiginleikar

- Góð greiningarhæfni
- Mikil kappsemi og metnaður
- Rík þjónustulund
- Afburða samskiptahæfileikar og útsjónarsemi

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk.

Umsóknir skulu fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Nánari upplýsingar veita:  
Elísabet Sverrisdóttir, [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)  
Rannveig J. Haraldsdóttir, [rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is)

  
HAGVANGUR

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu. Samskip eru Menntafyrirtæki ársins 2014.

**samskip**

Saman náum við árangri





## Sveitarstjóri Húnavatnshrepps

### Húnavatnshreppur óskar eftir að ráða sveitarstjóra.

#### Starfsvið:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með bókhaldi og áætlanagerð.
- Vinna með sveitarstjórn og fylgja eftir ákvörðunum hennar.
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki, samtök og íbúa.

#### Menntunar og hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri og stjórnun. Góð bókhaldskunnátta skilyrði.
- Þjónustulund, skipulögð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Háskólamenntun og þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg.
- Frumkvæði til að takast á við uppbyggingu sveitarfélagsins.

#### Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2014.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til oddvita Húnavatnshrepps Þorleifs Ingvarssonar, Sólheimum 541 Blönduós og veitir hann jafnframt frekari upplýsingar um starfið.

Símar: 452-7150 og 893-4006. Netfang: solheim@emax.is

Húnavatnshreppur er afar víðfeðmt sveitarfélag sem nær frá Húnaflóa að Langjökli og Hofsjökli í suðri. Grunnatvinnuvegur í sveitarfélaginu er landbúnaður en mikils virði er að ná fram nýsköpun í atvinnumálum. Húnavatnshreppur hefur uppá margt að bjóða varðandi ferðaþjónustu og útivist. Sögustaðir eru fjölmargir í sveitarfélaginu og þar eru gjöfular veiðiar og vötn. Þá er náttúrufegurð og víðsýni óvíða meira. Grunn- og leikskóli er á Húnavöllum, þar er einnig stjórnsýsla sveitarfélagsins staðsett. Íbúar sveitarfélagsins eru liðlega 400.

**Margháttaðar upplýsingar um Húnavatnshrepp er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. [www.hunavatnshreppur.is](http://www.hunavatnshreppur.is)**



## Staða leikskólastjóra í Leikholti

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi er laus staða leikskólastjóra Leikhólts.

Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum í Brautarholti.

Leitað er eftir einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að efla og leiða uppeldis- og menntastaf í Leikholti.

#### Starfssvið

- Vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að Framvindu og þróun í starfi leikskólans.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun ásamt framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.
- Kennslureynsla í leikskóla eða reynsla af stjórnun leikskóla.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Leikholti dvelja að jafnaði rúmlega 30 börn á tveimur deildum. Sjá nánar á <http://leikskolinn.is/leikholt>.

Ráðið verður í stöðuna til eins árs með möguleika á framhaldi. Starfsferilskrá fylgi umsókna ásamt kynningarbréfi umsækjanda.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri í síma 486-6100 eða 861-7150. Netfang [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is)

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi eru um 540 íbúar. Aðalatvinnuvegur er landbúnaður. Auk þess er ferðaþjónusta og iðnaður stundaður í nokkrum mæli. Þéttbýliskjarnar eru í Árnesi og á Brautarholti. Grunnskóli, sundlaug og bókasafn er í sveitarfélaginu. Náttúruperlur og sögustaðir eru margir í sveitarfélaginu.

**Umsóknarfrestur er til 1 júlí næstkomandi.**



### INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ AUGLÝSIR LAUST TIL UMSÓKNAR STÖÐU FORMANNS KÆRUNEFNDAR ÚTLENDINGAMÁLA.

Kærunefnd útlandingamála er sjálfstæð stjórnsýslu-nefnd sem úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli 30. gr. laga um útlinginga nr. 96/2002 sbr. lög nr. 64/2014. Formaður kærunefndar útlinginga- mála hefur yfirstjórn hennar með höndum, fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Um frekara hlutverk vísast nánar til ákvæða í 3.gr. a í lögum um útlinginga. Formaður nefndarinnar skal hafa starfið að aðalstarfi.

Umsækjendur skulu uppfylla hæfisskilyrði héraðs- dómara skv. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 og vera sérfróðir um málefni útlinginga sbr. 3. gr. a laga nr. 96/2002 sbr. lög nr. 64/2014. Viðkom- andi skal búa yfir samskipta- og skipulagsfærni, hafa mjög góða þekkingu á stjórnsýslu og gott vald á íslenskri tungu. Góð þekking á ensku og einu norður- landamáli er æskileg.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar til fimm ára í senn. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. október 2014, samkvæmt umsögn sjálf- stæðrar þriggja manna valnefndar sem metur hæfi umsækjenda. Kjararáð ákveður laun og önnur starfs- kjör formanns nefndarinnar.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Upplýsingar um embættið veita Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri og Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri í síma 545-9000. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: <http://www.innanrikis-raduneyti.is/raduneyti/storf/>. Ef ekki eru tæk á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík. **Umsóknarfrestur er til 7. júlí nk.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

## MÆLINGAMAÐUR HAFNADEILD REYKJAVÍK

**Laust er starf mælingamanns á hafnadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík.**

**Um 100% starf er að ræða en starfið felst fyrst og fremst í að sinna dýptar- mælingum, magntöku, líkanrannsóknastarfi og almennu tæknistarfi.**

**Með tilliti til aldurs- samsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**



#### Starfssvið

- Dýptar- og landmælingar
- Líkanarannsóknir
- Hönnun og eftirlit í hafnagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tæknifræðingsmenntun er æskileg
- Starfsreynsla á sviði land- eða dýptarmælinga
- Íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku
- Kunnátta í tölfærð
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2014.** Umsóknir berist mannauðsstjóra, netfang [oth@vegagerdin.is](mailto:oth@vegagerdin.is) Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Áss Grétarsson framkvæmdastjóri, í síma 522-1420. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið

## Staða aðstoðarleikskólastjóra við Ártúnsskóla

Laust er til umsóknar starf aðstoðarleikskólastjóra í stjórnunarteymi Ártúnsskóla. Ártúnsskóli er samrekin leikskóli, grunnskóli og frístund. Skólinn leggur áherslu á heildstæða móðurmálskennslu, umhverfismennt og útikennslu, heilsu- eflingu, sköpun og lífsleikni.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í að byggja upp og þróa með okkur samstarf grunnskólans, leikskólans og frístundar.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu aðstoðarleikskólastjóra.
- Að sinna stjórnun í leikskólanum.
- Að bera ábyrgð á faglegu starfi leikskólans ásamt skólastjóra.
- Að taka þátt í þróunarstarfi við uppbyggingu nýs skóla.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða kennslureynsla á leikskólastigi
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

**Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.**

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2014. **Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2014.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórn- enda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Nánari upplýsingar veitir Rannveig Andrésdóttir, skólastjóri, sími 411 7676. Netfang: [rannveig.andresdottir@reykjavik.is](mailto:rannveig.andresdottir@reykjavik.is)

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**





Grímsnes- og Grafningshreppur

## Leikskólakennari – spennandi verkefni –

Leikskólakennari óskast til starfa við leikskóladeild Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í Kerhólsskóla eru tvær leikskóladeildir þar sem lögð er áhersla á útveru og hreyfingu og að nýta náttúruna til útínáms og listsköpunar. Kerhólsskóli hefur nú fengið grænfánann í annað sinn.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Leitað er eftir leikskólakennara sem vinnur sem hópstjóri á deild. Hann vinnur að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs í teymisvinnu með kennurum og skólastjóra. Leik- og grunnskóladeildir Kerhólsskóla flytja í haust undir sama þak í nýjum og glæsilegum húsakynnum. Kennarar beggja skólastiga munu í sameiningu þróa skólastarfið og faglega samvinnu deildanna á komandi skólaári.

### Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi

Starfið er laust frá 15. ágúst nk. eða eftir samkomulagi.

Möguleiki á húsnæðis- og launahlunnindum.

Umsóknarfrestur er til 28. júní

Nánari upplýsingar gefur Sigmar Ólafsson skólastjóri

í síma 482-2617, 863-0463 eða [sigmar@kerholsskoli.is](mailto:sigmar@kerholsskoli.is)

Heimasíða skólans: [www.kerholsskoli.is](http://www.kerholsskoli.is)



AF ÖLLU HJARTA

## HREINGERNINGARSTÖRF

Rekstrarfélag Kringlunnar auglýsir eftir áhugasömu fólki til að sinna þrifum í Kringlunni. Leitað er að flokkstjóra og fólki í almenn þrif.

Kringlan er fjölbreyttur vinnustaður, enda stærsta verslunarmiðstöð Reykjavíkur, með yfir 180 verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila. Kringlan kappkostar að bjóða viðskiptavinum sínum upp á hreint og notalegt umhverfi og þar spila fagleg vinnubrögð hjá samhentu starfsfólki stórt hlutverk.

### Flokkstjóri:

Flokkstjóri verður að búa yfir reynslu af svipuðu starfi og hafa haft mannaforráð.

### Almennar stöður:

Almennar stöður eru tvenns konar; að sinna þrifum innandyrá annars vegar og utandyra hins vegar. Starfshlutfall er mismunandi. Unnið er á daginn, eftir vaktakerfi, eina viku í senn.

### Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af ræstingastörfum
- Iðjusemi og rík þjónustulund
- Hreint sakavottorð
- Íslensku- eða enskukunnátta skilyrði
- 18 ára og eldri
- Snyrtimennska og stundvísi

Laun eru í samræmi við kjarasamninga Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Ráðningar annast Viðar J. Björnsson, sem svarar einnig öllum fyrirsparamum. Umsókn og ferilskrá sendist á [vidar@kringlan.is](mailto:vidar@kringlan.is) eða í pósti á Rekstrarfélag Kringlunnar, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014 og eru bæði konur og karlar hvattir til að sækja um. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 11. ágúst 2014.



Í Strandabyggð búa rúmlega 500 íbúar og er Hólmavík þéttbýlisstaðurinn. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarfi öflugt. Í Strandabyggð er blómlegt tómstunda-, íþrótt- og menningarlíf. Félagsstarf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og þar er hugað að því að sem flestir aldurshópar fái notið sín til fullnustu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og menningarlíf er kraftmikið og fjörukt allt árið um kring. Nánari upplýsingar um Strandabyggð er að finna á vefsíðunni [www.strandabyggd.is](http://www.strandabyggd.is).

## Leikskólakennari á Hólmavík

Leikskólinn Lækjarbrekka á Hólmavík auglýsir eftir leikskólakennara í fullt starf.

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Leitað er að hjartahlýjum og öflugum einstaklingi sem nýtur þess að vinna með börnum, býr yfir góðri samskiptahæfni og hefur ríka þjónustulund. Einnig eru skipulagshæfni og jákvæðni mikilvægir kostir.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 11. ágúst. Vinnutíminn er kl. 8.00-16.00.

### Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson  
[thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Fiskmarkaður Íslands er stærsti fiskmarkaður á Íslandi og fer u.þ.b. 40% af öllu seldu magni á íslenskum fiskmörkuðum í gegnum félagið. Fiskmarkaður Íslands starfar á 9 stöðum: Akranesi, Arnarstapa, Grundarfirði, Ólafsvík, Reykjavík, Rífi, Skagaströnd, Stykkishólmi og Þorlákshöfn. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Ólafsvík en þar er jafnframt stærsti móttökustaðurinn. Einnig rekur félagið öfluga flokkunar- og slægingarþjónustu á Rífi.

## Fjármálastjóri

Fiskmarkaður Íslands hf. óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Hefur yfirumsjón með fjárreiðum og bókhaldi félagsins
- Annast útreikning launa og samskipti við opinbera aðila sem að því snýr
- Annast tölvukerfi félagsins og tæknimál
- Ætlast er til að viðkomandi geti einnig leyst af/tekið þátt í verkswiði sölustjóra og öðlist þekkingu á sölukerfum félagsins sem og tölvukerfum því tengdu
- Annast milligöngu um viðskipti á aflamarki sem og öðrum þjónustupáttum við viðskiptavinum félagsins
- Annast ásamt stöðvarstjórum mönnunarmál og innkaup á rekstrarvörum

### Menntun og hæfniskröfur

- Viðskiptamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á Navision, Microsoft hugbúnaði og færni til þess að læra á sérkerfi félagsins
- Haldgóð almenn þekking á sjávarútvegsmálum

### Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson  
[thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





## BÆKLUNARSKURÐLÆKNINGAR

### Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í bæklunarskurðlækningum. Starfshlutfall er 100% eða skv. samkomulagi. Starfið veitist frá 1. september 2014 eða eftir nánari samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni
- » Þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum og öðrum þeim störfum sem yfirlæknir deildarinnar telur að eigi við
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar og er það frumskilyrði ráðningar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

#### Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileyfi í bæklunarskurðlækningum
- » Viðbótaþekking í gervilíðaáðgerðum æskileg
- » Reynsla í kennslu- og vísindavinnu æskileg
- » Góð samskiptahæfni

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2014.
- » Upplýsingar veitir Yngvi Ólafsson, yfirlæknir, netfang [ingviola@landspitali.is](mailto:ingviola@landspitali.is), sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut, 101 Reykjavík.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Embassy clerk (Adm)

The Embassy of Japan seeks a capable, responsible, and flexible clerk

#### Basic conditions for application

- Good skills in administrative works and car-driving
- Good command of language (Icelandic and English) and computer
- Contract renewal every 2 years

CV should be sent to the following address until 2 July.

Laugavegur 182, 105 Reykjavík  
Tel. 510-8600, Fax. 510-8605  
e-mail. [japan@rk.mofa.go.jp](mailto:japan@rk.mofa.go.jp)



## DAUÐHREINSUNARDEILD

### Sérhæfður starfsmaður

Á dauðhreinsunardeild LSH við Tunguháls er laust til umsóknar starf sérhæfðs starfsmanns.

Í boði er einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reynndra aðila. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sækji nám í heilbrigðisækni sem nú er í undirbúningi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þökkun, röðun og dauðhreinsun verkfæra fyrir skurðaðgerðir

#### Hæfniskröfur

- » Góð íslenskukunnátta
- » Góð samskiptahæfni
- » Sjálfstæði í vinnubrögð
- » Reynsla eða menntun innan heilbrigðiskerfis æskileg

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2014.
- » Starfshlutfall er 100%, dag- og kvöldvaktir.
- » Starfið er laust sem fyrst eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Hrönn Harðardóttir, deildarstjóri, [hronhard@landspitali.is](mailto:hronhard@landspitali.is), sími 543 1726 og 825 3527.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## ARENSTSTÁL ÓSKAR EFTIR JÁRNIÐNAÐARMÖNNUM

Óskum eftir renni- og járníðnaðarmönnum

Upplýsingar í síma  
8221581 og 8241226



## Guðmundur Tyrfingsson ehf

### Starfsmaður á ferðaskrifstofu

Guðmundur Tyrfingsson ehf leitar eftir metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa á ferðaskrifstofu sinni á Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á ferðaþjónustu æskileg
- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun æskileg

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið [sb@gturfingsson.is](mailto:sb@gturfingsson.is).

Guðmundur Tyrfingsson ehf er rótgróið ferðaþjónustufyrirtæki sem var stofnað 1969. Skrifstofan er staðsett á Selfossi.



## Hjúkrunarfræðingur við heima- júkrun - verkefnastjórastaða - Heilsugæslan Fjörður

Heilsugæslan Fjörður leitar eftir hjúkrunarfræðingi til starfa þar sem starfssviðið er í heimahjúkrun. Um er að ræða 80% starf verkefnastjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi en umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2014.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Verksvið er heimahjúkrun og hjúkrunarmóttaka á heilsugæslustöð.

Starfssvið hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun er m.a. að veita víðtæka hjúkrun vegna langvinnra sjúkdóma s.s. heilabilunar, geðfötlunar, líkamlegrar skerðingar og jafnvel líknandi meðferð.

Stuðningur við einstaklinginn, aðstandendur og samstarfsfólk ásamt skipulagningu, verkstjórn og framkvæmd þeirrar hjúkrunar sem þörf er á hverju sinni. Samskipti og samvinna við aðrar sjúkrahúsfirmdir og heilbrigðisstéttir með hagsmuni skjólstæðings að leiðarljósi.

Starfssvið í hjúkrunarmóttöku er mjög víðtækt, allt frá símaráðgjöf til bráðaþjónustu.

#### Hæfniskröfur

Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði. Reynsla af verkefnastjórnun æskileg. Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir fjölbreyttri reynslu í hjúkrun og hafi góða samskipta- og skipulagshæfni.

#### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram leyfisbréf og staðfestar upplýsingar um menntun. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Sækja skal um starfið rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)) undir „laus störf“ eða á [Starfatorgi](http://www.starfatorgi.is) ([www.starfatorgi.is](http://www.starfatorgi.is)).

Nánari upplýsingar veitir Helga S. Sigurðardóttir – [helga.steing.sigurdardottir@heilsugaeslan.is](mailto:helga.steing.sigurdardottir@heilsugaeslan.is) – S: 540-9400

Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir – [ingibjorg.edda.asgeirsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:ingibjorg.edda.asgeirsdottir@heilsugaeslan.is) – S: 540-9400

### Heilsugæslan Fjörður

Fjarðargötu 13 - 15

220 Hafnarfjörður

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun

## Skíðamiðstöðin Oddsskarði óskar eftir svæðisstjóra

Laus er til umsóknar staða svæðisstjóra við Skíðamiðstöðina Oddsskarði. Starfsmaður mun í samstarfi við forstöðumann hafa umsjón með rekstri skíðamiðstöðvarinnar.

#### Hæfniskröfur:

- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Reynsla af störfum á skíðasvæði er æskileg.
- Reynsla af vinnu við vinnuvélar/snjótroðara er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum og viðhaldi á tækjum er nauðsynleg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag

**Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.**

Allar frekari upplýsingar veitir Dagfinnur Ómarsson, forstöðumaður skíðamiðstöðvarinnar, í farsíma 699 1005 og á netfanginu [oddsskard@oddsskard.is](mailto:oddsskard@oddsskard.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2014.**

**Umsóknir berist á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð merkt „Oddsskarði“ eða á netfangið [oddsskard@oddsskard.is](mailto:oddsskard@oddsskard.is).**

Mjólfjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

# www.vinna.is



## BJARMI

Í ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði er laus staða leikskólakennara frá 8. ágúst 2014.

Okkur vantar hugmyndaríkann og skapandi einstakling, sem lítur lífið björtum augum og lítur á áskoranir sem tækifæri til að þroskast.

Á Bjarma er unnið með fljótandi námskrá og dagskipulag, stöðvavinnu, teymisvinnu, dreifða ábyrgð og forystu. Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu skólans [www.leikskolinn.is/bjarmi/](http://www.leikskolinn.is/bjarmi/)

Nánari upplýsingar veita Svava eða Katý í síma 512 3330



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Lögfræðingur – Velferðarráðuneytið

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu gæða og forvarna.

Skrifstofa gæða og forvarna annast verkefni sem varða m.a. öryggi, gæði og eftirlit í heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu og forvarnir, þar með taldar sóttvarnir og geislavarnir, lífvisindi og lífsiðfræði, þ.m.t. vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu og sjúkraskrár og gagnasöfn í heilbrigðisþjónustu.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna svo sem samningu lagafrumvarpa og reglugerða og afgreiðslu stjórnsýsluerinda og álitsgerða og umsjón og eftirfylgni með framkvæmd laga. Einnig þátttöku í stefnumótun í málaflokkum skrifstofunnar auk samskipta við Alþingi, Eftirlitsstofnun EFTA, önnur stjórnvöld, stofnanir, hagsmunaaðila og einstaklinga.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu eða reynslu á sviði stjórnsýslu og stjórnskipunarréttar.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Kostur er að umsækjandi hafi þekkingu á EES- og Evrópurétti.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Margrét Björnsdóttir skrifstofustjóri ([margret.bjornsdottir@vel.is](mailto:margret.bjornsdottir@vel.is)) og Áslaug Einarsdóttir lögfræðingur ([aslaug.einarsdottir@vel.is](mailto:aslaug.einarsdottir@vel.is)) í síma 545 8100. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um störf. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á pósthfangið [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 8. júlí næst komandi. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## FORRITARI

Við erum að leita að úrræðagóðum og metnaðarfullum forritara sem þekkir vel til PHP, JavaScript, MySQL, HTML, CSS. Kostur að vera með puttann á púlslinum varðandi nýjungar fyrir vefsíðugerð | snjallsíma | spjaldtölvur.

#### Hæfniskröfur:

Tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun. Góð reynsla í forritun Góð enskukunnátta Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 30. júní. Tekið er á móti umsóknum og ferilskrár á netfangið [vista@vista.is](mailto:vista@vista.is) Fyrirspurnir um starfið skal senda til [vista@vista.is](mailto:vista@vista.is)

Vegna aukinna umsvífa erlendis leitum við að starfskrafti til að styrkja hugbúnaðarþróun. Vista Data Vision er hugbúnaður í fremsta flokki til geymslu og birtingu sjálfvirkra mæligagna. Verkefni eru fjölbreytt og má þar nefna eftirlit með undirstöðum, stíflum, jarðgöngum, umhverfismælingum og vindorku. [www.vistadatavision.com](http://www.vistadatavision.com)

Verkfræðistofan Vista hefur um árabíl sérhæft sig í mælingum og eftirliti með þeim. [www.vista.is](http://www.vista.is)

Verkfræðistofan Vista er reyklaug og fjölskylduvænn vinnustaður



## STARFSMENN ÓSKAST Í VERKSMIÐJU

Einingaverksmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu forsteypra eininga til byggingaframkvæmda. Fyrirtækið er í forystu á sínu sviði og tækjábúnaður

og sérhæfð þekking gerir fyrirtækinu kleift að afgreiða bæði stór og smá byggingaverkefni fljótt og örugglega.



ERUM AÐ LEITA AÐ TRAUSTUM OG GÓÐUM STARFSMÖNNUM Í STEYPUVERKSMIÐJU OKKAR AÐ BREIÐHÖFÐA Óskað er eftir mönnum vönum mótasmíði og steypuvinnu. **Einnig óskað eftir manni á útlager.** Vinnuvélaréttindi kostur.

Umsóknir og meðmæli óskast sent á [thorvaldur@ev.is](mailto:thorvaldur@ev.is) Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 843 8772 og á staðnum.



# Rafvirkki

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði á þjónustuverkstæði okkar og á heimilum viðskiptavina, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum rafvirkja eða manni með sambærilega menntun, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir mánudaginn 7. júlí.

Umsóknareyðublað fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, [www.sminor.is](http://www.sminor.is).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 [www.sminor.is](http://www.sminor.is)







**RÆYKJAVÍK  
LIGHTS**

## REYKJAVÍK LIGHTS HOTEL

### YFIRPERNA ÓSKAST

Yfirperna hefur yfirumsjón með þrifum hótelsins.

Einstaklingur þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa ríka þjónustulund og stjórnunarhæfileika. Eingöngu reyklausir aðilar koma til greina.

Umsóknarfrestur er til 30/06

Umsóknir sendist á netfangið: [manager@reykjaviklights.is](mailto:manager@reykjaviklights.is)

**KEA HÓTEL**



## Leiðbeinandi í handavinnu

**Félagsmiðstöðvar eldri borgara óska eftir leiðbeinanda í handavinnu**

Félagsmiðstöðvarnar Gjábakki, Gullsmári og Boðinn eru félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara í Kópavogi. Fjölbreytt tómtunda- og félagsstarf fer fram í félagsmiðstöðvunum. Helstu verkefni leiðbeinenda er að skipuleggja og veita leiðsögn á handavinnu, annast innkaup, uppsetning vorsýninga og stuðla að nýbreytni í tómtundastarfinu í samstarfi við forstöðumann.

**Ráðningartími og starfshlutfall**

- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst. Um er að ræða hlutastörf og/eða fullt starf.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla og kunnátta á sviði handavinnu
- Hugmyndaríki og jákvæðni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2014.**

Nánari upplýsingar veita forstöðumenn félagsmiðstöðvanna: Gjábakki 665-2922, Gullsmári 665-2923 og Boðinn 665-292. Einnig er hægt að leita upplýsinga á frístundadeild Kópavogsbæjar 570-1500.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**



**Kópavogsbær**[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Vélaverkstæði og Innflutningsfyrirtæki

óskar eftir ungum og hressum starfsmanni í lager störf. Bílpróf er skilyrði. Þarf að geta hafið störf strax.

**[Velaverkstaedi@gmail.com](mailto:Velaverkstaedi@gmail.com)**



**HSA**  
HEILBRIGÐISSTOFNUN  
AUSTURLANDS

LAUSAR LÆKNASTÖÐUR HJÁ HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS:

## Stöður yfirlæknis og heimilislæknis við heilsugæsluna í Fjarðabyggð

Heilbrigðisstofnun Austurlands óskar eftir að ráða tvo lækna til starfa á heilsugæsluviði, með búsetu í Fjarða- byggð. Æskilegt er sérnám í heimilislækningum. Annars vegar er um að ræða yfirlæknisstöðu og hins vegar stöðu heimilislæknis, báðar við heilsugæslu Fjarðabyggðar. Læknar með aðrar skyldar sérgreinar og almennir læknar eru einnig hlutgengir.

Um er að ræða fjölbreytt störf í hópi lækna sem skipta milli sín verkefnum, starfssvæðum og vöktum á Mið-Austurlandi.

Æskilegt starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur einnig til álíta. Laun eru greidd skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar. Umsóknarfrestur er til 26. júlí nk. en stöðurnar eru lausar frá 1. september 2014, eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknum skal skilað til HSA á eyðublöðum er fást á vef Embættis landlæknis, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is).

**Nánari upplýsingar veita:**  
Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga HSA, s. 470-3052 & 860-6830, netf. [petur@hsa.is](mailto:petur@hsa.is).  
Emil Sigurjónsson, forstöðumaður mannauðssviðs HSA, s. 470-3053 & 895-2488, netf. [emils@hsa.is](mailto:emils@hsa.is).

*Heilbrigðisstofnun Austurlands starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Umdæmissjúkrahús fyrir Austurland er í Neskaupstað. Stofnunin þjónar alls um 11.000 íbúum frá Bakkafirði til Djúpvavogs, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim.*



**HVERAGERÐI**

## Við leikskólann Óskaland Finnmörk 1, Hveragerði er laus staða deildarstjóra og leikskólakennara

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að taka þátt í faglegu starfi leikskólans.

**Staða deildarstjóra:**

Um er að ræða 100 % stöðu á deild fyrir 3ja til 6 ára

**Stöður leikskólakennara:**

Um er að ræða 100 % stöður á mismunandi deildum.

**Meginverkefni:**

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra að uppeldi og menntun leikskólabarna undir stjórn deildarstjóra

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennararéttindi eða sambærileg réttindi
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum

Áhugasamir sendi umsóknir á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Sunnumörk 2, 810 Hveragerði.

Til greina kemur að ráða fólk með aðra reynslu/réttindi.

Frekari upplýsingar veitir Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri í síma: 8656297 eða í tölvupósti á netfangið: [oskaland@hveragerdi.is](mailto:oskaland@hveragerdi.is) Umsóknarfrestur er til 10. júlí n.k.

Umsóknareyðublöð má finna á vef Hveragerðisbæjar: [www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is)

Starfið hentar jafn körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

## Starfsmaður í afgreiðslu

Borgar Apótek óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu í 60 - 100% starf eftir samkomulagi. Starfið fellst í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum ásamt öðrum tilheyrandi verkum.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vera stundvís og ábyrgur. Reynsla úr apóteki er kostur.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á [einar@borgarapotek.is](mailto:einar@borgarapotek.is)

Umsóknarfrestur er til 30. júní.

**Borgar Apótek**  
Borgarhúsið 28 - Sími 553 8331 - Þorl. vegur



**SKOLAR**  
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

## Hefur þú áhuga á heilsuefandi skólastarfi?

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa eftir **Heilsustefnunni** og leggja ríka áherslu á heilsuefingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdóms-samfélag þar sem samvinna og gleði ríkir.

Við leitum að samstarfsfólki sem:

- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir og hugmyndafræði leikskólans
- Hefur áhuga á heilsuefingu, umhverfismennt og umhyggjusömum samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samviskusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

Skólarnir fylgja sameiginlegum matseðli í takti við Næringar-stefnu Skóla ehf. en hlaut það verkefni tilnefningu til Orðsporsins 2014. Kjör kennara eru samkvæmt sérsamningi Skóla við Félag leikskólakennara.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

## Heilsuleikskólinn Háaleiti, Ásbrú í Reykjanesbæ

Auglýsir eftir:

- **Deildarstjóra í 100% starf**

Heilsuleikskólinn Háaleiti er þriggja deilda leikskóli með um 60 börn.



Nánari upplýsingar veitir Þóra Sigrún Hjaltadóttir skólastjóri, sími 426-5276. Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://skolar.is/Starf/>

## Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi

Auglýsir eftir:

- **Deildarstjóra í 100% starf**
- **Leikskólakennara í 100% starf eða hlutastarf**
- **Aðstoðarmatræði í 75% starf**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda leikskóli með um 120 börn.



